



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# Úthlutun listamannalauna

*Afstaða stjórnvalda og listamanna 1948-1991*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Óskar Völundarson

September 2013

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

# **Úthlutun listamannalauna**

*Afstaða stjórnvalda og listamanna 1948-1991*

**Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði**

**Óskar Völundarson**

**Kt.: 191090-2419**

**Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir**

**September 2013**

# Ágrip

Alþingi veitti fyrstu skáldalaunin árið 1891 og lagði þannig grunninn að reglulegum styrkveitingum til listamanna. Næstu áratugin á eftir myndaðist ákveðin hefð um úthlutun listamannalauna en ákvarðanir Alþingis og úthlutunarnefnda voru ætíð umdeildar. Engin lög voru sett sem kváðu ítarlega á um hvernig úthlutunin skyldi fara fram fyrir en árið 1967 og pólitískar nefndir sáu um úthlutunina allt fram til 1991. Í þessari ritgerð eru hugmyndir um listamannalaunin á þingi og meðal listamanna á árabílinu 1948-1991 skoðaðar með tilliti til aðbúnaðs listamanna og hagsmunasamtaka þeirra, viðhorfs stjórnvalda (menningarstefnu) og þróunar menningarmála annars staðar á Norðurlöndunum. Umræðan takmarkast að mestu við 6. og 7. áratuginn og síðan löggjöf frá 1991 sem lagði grunninn að núverandi kerfi úthlutunar, en auk þess er gefið yfirlit yfir sögu úthlutunarinnar. Skoðað er hvaða þættir urðu þess valdandi að afar seinlega gekk að koma á löggjöf um listamannalaun og einnig hvaða sjónarmið lágu að baki því kerfi sem lagt var til grundvallar við úthlutunina, einkum hvað varðar aðkomu listamanna að henni. Einnig er fjallað um hvernig norræna menningarstefnan hefur haft áhrif á úthlutun launanna hér á landi en löggjöf í líkingu við þá sem sett var víða á hinum Norðurlöndunum á 7. áratugnum komst ekki í gagnið á Íslandi fyrir en við upphaf 10. áratugarins. Jafnframt er hugað að því hvaða afstaða stjórnvaldsins til lista kemur fram í úthlutun listamannalauna og hvaða breytingar urðu í þeim eignum á tímabilinu.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Samband ríkis og lista og norræna menningarstefnan.....	4
2. Ágrip af sögu listamannalauna .....	8
3. Óánægja listamanna með úthlutunina.....	11
4. Tillögur til umbóta.....	15
5. Samstaða og sundurlyndi meðal listamanna.....	22
6. Nýtt kerfi á hinum Norðurlöndunum og löggjöf á Íslandi árið 1967 .....	28
7. Nýtt kerfi í anda norrænu menningarstefnunnar.....	34
Niðurstöður.....	38
Heimildaskrá.....	41

## Inngangur

Með reglulegu millibili spretta upp deilur um listamannalaun hér á landi. Í afstöðu manna til launanna spilar stóran þátt skilningur hvers og eins á því hvað er gagnlegt og/eða nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið og afstaða til hlutverks ríkisvaldsins. Ágreiningur á þeim nótum er að miklu leyti það sem skiptir mönnum upp í flokka hvað varðar launagreiðslur til listamanna. Hverjum á að veita launin, eftir hvaða viðmiðum, hversu há upphæð skal lögð fram og hvernig á úthlutunin að fara fram? Þetta eru þær grundvallarspurningar sem ríkisvaldið þarf að taka afstöðu til í afskiptum sínum af listalífinu. Svörin við þeim hljóta að gefa til kynna afstöðu ríkisins til hlutverks listarinnar og iðkenda hennar í samfélaginu, þ.e. að því gefnu að ríkisvaldið taki skýra og ákveðna stefnu, gefi hagnýt svör við spurningunum. Hins vegar leið langur tími frá því að Alþingi veitti fyrstu skáldalaunin við lok 19. aldar þar til skapaður var lagarammi um form úthlutunar listamannalauna. Raunar settu íslensk stjórnvöld sér ekki neina opinbera menningarstefnu fyrr en árið 2013.<sup>1</sup> Í ritgerðinni verður fjallað um ólíkar hugmyndir um listmannalaunin eins og þau koma fyrir í frumvörpum á þingi, í löggjöf og meðal samtaka listamanna á árunum frá 1948, þegar fyrst var lagt fram frumvarp til laga um listamannalaun, fram til 1991, þegar þau lög sem lögðu grunninn að núverandi úthlutunarkerfi voru sett. Leitað verður svara við því hvaða vandamálum löggjöfin átti að leysa úr og hvað hún hafði að segja fyrir íslenska listamenn og íslenskt listalíf, hvernig hún breytti aðstöðu listamanna. Jafnframt verður grennslast fyrir um drifkraft breytinganna, hvaða þátt flokkapólitík, menningarstefna stjórnvalda og þrýstingur frá listamönnunum áttu í breytingum á úthlutunarkerfinu. Í því samhengi skiptir máli hvað lá að baki ólíkum hugmyndum um úthlutunina sem og hvers vegna illa gekk að breyta kerfinu.

Eftir lok seinni heimsstyrjaldar var hugmyndafræðilegur ágreiningur að einhverju leyti lagður til hliðar á vettvangi íslenskra stjórn mála, þar á meðal á sviði menningar- og menntamála.<sup>2</sup> Hins vegar fór mest af því fjármagni sem veitt var til menningarmála í uppbyggingu menningarstofnana og listamannalaun urðu sífellt minni hluti af fjárlögum ríkisins frá og með 1945.<sup>3</sup> Þegar hin Norðurlöndin umbýltu úthlutunarkerfum sínum til lista á 7. áratugnum tók

---

<sup>1</sup> Sjá *Menningarstefna*.

<sup>2</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 118-119.

<sup>3</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1997 DE/25/1, bls. 267. Í þessari athugun sinni á ríkisframlögum til listamanna tekur Magni Guðmundsson fyrir tímabilið frá 1945-1980 og kemst að því að framlögin sem hlutfall af fjárlögum hafa stöðugt lækkað með fáum undantekningum fram til 1980.

Íslenska kerfið ekki jafn róttækum breytingum. Fyrsta íslenska löggjöfin um listamannalaun frá árinu 1967 gerði fátt annað en að staðfesta það kerfi úthlutunar sem lengi hafði verið viðhaft í þinginu. Þó að viss skref í átt að breyttu kerfi væru tekin með reglugerð um starfsstyrki 1969 og stofnun Launasjóðs rithöfunda árið 1975, þá var það ekki fyrr en árið 1991 að sett voru lög um úthlutunarkerfi í líkingu við þau sem höfðu þá lengi tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Beinir styrkir til listamanna eiga sér talsvert lengri sögu annars staðar á Norðurlöndunum. Danska krúnan veitti styrki af ýmsu tagi til ólíkra listgreina, t.d. rithöfunda, myndlistarmanna og leikara. Sænska hirðin studdi að sama skapi listamenn frá og með 17. öld þar til ríkisvaldið tók við hlutverkinu þegar einveldi konungs leið undir lok. Í Finnlandi og Noregi hófst úthlutun styrkja á 19. öld og festi sig í sessi á seinni hluta aldarinnar.<sup>4</sup> Yfirleitt hafa þessir beinu styrkir á Norðurlöndunum verið réttlættir með tilvísun til sjálfgildis listanna (e. *intrinsic value*). Á þeim grunni virðist t.d. byggjast sú almenna afstaða á Norðurlöndunum að hlutverk launagreiðslna til einstakra listamanna sé að vernda þá gegn lögmálum markaðarins.<sup>5</sup> Þar sem íslensku listamannalaunin, og menningarstefna Íslendinga almennt, eru undir ríkum áhrifum frá Skandinavíu er ástæða til að skoða sögu launanna í samanburði við þróun þessara mála þar. Því er hér sérstakur kafli um hina norrænu menningarstefnu. Ekki verður betur séð en að í úthlutun sinni á listamannalaunum hafi íslenska ríkisvaldið fetað sig nær og nær kerfi hinna Norðurlandanna. Á þeirri hugsun byggist uppbygging ritgerðarinnar. Því verður fyrst fjallað um tillögur um löggjöf um listamannalaun fram á 7. áratuginn, þegar fyrsta löggjöfin er sett. Í lokakafli verður svo fjallað um löggjöfina frá 1991 sem segja má að hafi sameinað í eitt kerfi fyrri umbætur á listamannalaunum í anda norræna úthlutunarmódelisins og gefið í fyrsta skipti skýr svör um afstöðu stjórnvaldsins til listanna.

Áhersla ritgerðarinnar er á afstöðu stjórnvalda og listamannanna sjálfra til úthlutunar listamannalauna, en ekki almenna afstöðu til menningarstyrkja ríkisins. Umfjöllunin takmarkast jafnframt að mestu leyti við beinar launagreiðslur ríkisins til einstakra listamanna. Hér verður ekki rætt sérstaklega um styrki ríkisins til menningarstofnana eða ákveðinna hópa eða menningarverkefna. Til beinna greiðslna teljast heiðurslaun, listamannalaun og starfsstyrkir. Nokkuð breytilegt er hvaða orð eru notuð til að vísa til þessara launa en til einföldunar verða þau laun sem Alþingi veitir einstaklingum á fjárlögum kölluð heiðurslaun

---

<sup>4</sup> Merja Heikkinen, *The Nordic Model for Supporting Artists*, bls. 127-128.

<sup>5</sup> Merja Heikkinen, „The Nordic Model of Promoting Artistic Creativity“, bls. 277.

en þau sem eru veitt af þingkjörinni nefnd listamannalaun. Listamannalaun eru því sú upphæð sem ríkisstjórn ákvarðar í fjárlögum hvers árs að þingkjörin nefnd skuli deila niður á listamenn. Starfsstyrkir eru ólíkir að því leyti að þeir miðast við mánaðarlaun í tiltekinn tíma til ákveðinna verkefna.

Varðandi umfjöllunina um íslenska menningarstefnu á fyrstu áratugum 20. aldar, ber helst að nefna rit Ólafs Rastrick, *Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910-1930*.<sup>6</sup> Það eru einkum tvö ritverk sem gera grein fyrir sögu íslenskrar menningarpólitíkur eftir síðari heimsstyrjöld, grein Gests Guðmundssonar, „Cultural Policy in Iceland“ úr bókinni *The Nordic Cultural Policy* frá 2003 og bók Bjarka Valtýssonar, *Íslensk menningarpólitík* frá 2011. Aðallega hefur verið stuðst við þær hugmyndir um menningarstefnu og norræna kerfið sem skýrðar eru í þessum bókum og fjallað er sérstaklega um í fyrsta kafla. Efni ritgerðarinnar byggir einkum á gögnum af Þjóðskjalasafni (aðallega frá Menntamálaráðuneyti) og umfjöllun á Alþingi (í *Alþingistíðindum*), sem og blaðagreinum og viðtölum, en þau vörpuðu sérstaklega ljósi á þróun málsins á 9. áratugnum.

---

<sup>6</sup> Ólafur Rastrick, *Íslensk menning og samfélagslegt vald*, sérstaklega bls. 123-139 og 153-163.

## 1. Samband ríkis og lista og norræna menningarstefnan

Fræðimenn, einkum hagfræðingar, hafa fjallað um þau álitamál sem fylgja afskiptum ríkisins af listum. Helst eru það tveir þættir sem í pólitískri umræðu eru notaðir sem mælikvarðar á virði lista: sá menningarlegi og sá efnahagslegi. Ágúst Einarsson hagfræðingur bendir á að hugtakið *virði* „[myndi] eins konar brú milli hagfræði og menningar“. Hér er tveimur ólíkum sjónarhornum beitt til að meta menningarafurðir og sérstaða þeirra innan hagfræðinnar viðurkennd. Út frá sjónarhorni bæði hagfræðinnar og menningarinnar er virði „mat á atburðum eða vöru og þjónustu“. Matið er hins vegar af ólíkum toga, hið fyrrnefnda fjárhagslegt og mælt í verði, hið síðarnefnda huglægt og ómælanlegt.<sup>7</sup> Það er erfitt að samræma virði lista sem fagurfræðilegs fyrirbæris við efnahagslegt virði þeirra og listrænt gildi og markaðseftirspurn fara ekki alltaf hönd í hönd. Hollenski hagfræðingurinn Arjo Klamer bendir á það sem honum sýnist vera almenn trú innan listheimsins, að hvers kyns tilraunir til þess að höfða til hins almenna neytenda, og þar með markaðsaflanna, dragi úr listrænu gildi verksins. Það þykir yfirleitt áfelligsdómur yfir listaverki að það sé „commercial“.<sup>8</sup> En eigi ríkið að veita fé til listamanna verður að velja og hafna eftir einhverjum leikreglum og um þær snerist hluti ágreiningsins um listamannalaunin. Valið er síður en svo einfalt mál, einkum vegna þess að „listin verður ekki mæld af lengdarkvarða né vigtuð á sauðavogir.“<sup>9</sup> Líkt og Sigurjón Jónsson rithöfundur benti á í grein sinni um listamannalaunin frá 1956, er nær ógjörningur að skapa fagurfræðilegan ramma um list:

Miklir listamenn koma jafnharðan fram, æða eins og stórhveli yfir stefnur og strauma, þverbrjóta allar reglur og sýna og sanna fánýti þeirra, svo að ljóst verður, að listaverk verður eigi mælt eða dæmt eftir gömlum eða nýjum reglum. Listin lætur eigi binda sig og verður aldrei kennd, þótt sumir haldi öðru fram, því að hún er ætíð einhver nýsköpun. Þess vegna standa allir, lærðir og leikir, næsta líkt að vígi við að dæma hana.<sup>10</sup>

Launagreiðslur ríkisins til listamanna hljóta samt sem áður að byggjast á því að einhvern veginn megi greina hismið frá kjarnanum. Menningarstefna ríkja sker úr um hvaða list er verðug stuðnings. Peter Duelund, danskur menningarfélagsfræðingur (e. *cultural sociologist*), heldur því fram að menningarstefnan snúist „um hvernig ríkisstjórnir og aðrir hagsmunaaðilar ... fá fólk til að hugsa á þann veg sem þeim er þóknanlegur.“ Hann telur að í henni

<sup>7</sup> Ágúst Einarsson, *Menningarhagfræði*, bls. 16-19.

<sup>8</sup> *The Value of Culture*, bls. 7.

<sup>9</sup> *Alþingistíðindi* 1966 B, d. 1077.

<sup>10</sup> Sigurjón Jónsson, „Listamannalaunin“, bls. 180.



endurspeglar þau gildi sem áðurgreindir aðilar vilja styrkja og hafa í hávegum.<sup>11</sup> Sem dæmi mætti nefna áherslu á hið ritaða orð í úthlutun íslenskra listamannalauna gegnum tíðina. Þessi forgangsröðun gefur til kynna ákveðna stefnu ríkisins í menningarmálum sem samræmist þeirri hugsun sem var ríkjandi í sjálfstæðisbaráttunni, að tungumálið og bókmenntirnar væru þeir meginþættir sem sérkenndu íslensku þjóðina.<sup>12</sup> Íslensk stjórnvöld héldu þessum hugmyndum í vissum skilningi á lofti með talsvert ríflægri styrkjum til rithöfunda en annarra listamanna.

Það er erfitt að skilgreina hvað felst í hugtakinu menningarstefna en segja má að hún mótist af menningarpólitík, af „hinni pólitísku baráttu fyrir því að móta ramma og aðstæður fyrir listrænni iðju í ákveðnu sögulegu samhengi.“<sup>13</sup> Stjórnvöld í Evrópu hófu meiri þátttöku en áður í mótun menningarstefnu landa sinna eftir lok seinni heimsstyrjaldar en með afar ólíkum hætti. Kanadamennirnir Harry Hillman Chartrand og Claire McCaughy hafa skipt hinum ólíku menningarstefnum gróflega niður í fjóra flokka. Hið svonefnda *hæfnismódel* er það sem hefur tíðkast í Bandaríkjunum og felur í sér litla þátttöku ríkisins í menningarmálum, en í staðinn er skattafrádráttur notaður sem hvatning til að styrkja menningu og listir. Hér er áherslan á einstaklingsframtakið og í kerfinu felst lítið öryggi fyrir starfandi listamenn. *Velunnaramódelið* stefnir að því að takmarka hlut ríkisins í menningarlegum ákvörðunum. Þá er formlegt regluverk í höndum stjórnskipaðra nefnda en úthlutun launa í umsjá nefnda skipuðum fagfólki í hverri grein. Hér er um að ræða svokallað *seilingarfjarlægðarlögmál* „sem á að vernda listrænt frelsi fyrir kerfiseindum samfélagsins.“<sup>14</sup> Það á að tryggja að faglega sé staðið að úthlutun framlaga ríkisins til menningar. *Arkitektamódelið* er af sama meiði og velunnaramódelið en leggur ríkari áherslu á að listamenn hafi sjálfir ákvörðunarvaldið um hvernig þeim fjármunum sem ríkið leggur til menningar er dreift. „Ríkið byggir húsið, en lætur leigjendunum eftir að skreyta herbergin.“<sup>15</sup> *Verkfræðingamódelið* er svo sú stefna í menningarmálum sem var ríkjandi í Sovétríkjunum, þar sem menningu er miðstýrt og hún notuð í pólitískum tilgangi. Helst mætti tengja menningarstefnu Norðurlandanna við arkitektamódelið en sérfræðinganefndir, að mestu leyti

---

<sup>11</sup> Peter Duelund, „Cultural Policy: An overview“, bls. 13, „about the way in which governments and other stakeholders ... influence people to think the way they want them to.“

<sup>12</sup> Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 196-198.

<sup>13</sup> Peter Duelund, „Cultural Policy: An overview“, bls. 14, „the political struggle to establish the framework and conditions for artistic self-realisation in a given historical context.“

<sup>14</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 61.

<sup>15</sup> Peter Duelund, „Cultural Policy: An overview“, bls. 21, „The state builds the house, but leaves it up to the tenants to decorate the rooms.“

skipaðar starfandi listamönnum, hafa einkennt fyrirkomulag þessara landa. Þá eiga listamenn og bandalög listamanna iðulega mikinn þátt í vali í nefndirnar.<sup>16</sup>

Norræna velferðarkerfið sótti hugmyndafræði sína að miklu leyti í gildi Upplýsingarinnar. Hlutverk ríkisins var þannig að skapa sjálfstæða einstaklinga sem áttu að taka virkan þátt í að móta lýðræðissamfélagið. Samkvæmt þessari hugmyndafræði var litið á listir og menningu sem lið í þessu verkefni. Listirnar áttu „að sjá til þess að fagurfræðileg sjónarmið myndu einnig eiga þátt í félags- og efnislegru velferð sem veraldlegur valkostur við trúarkreddur“.<sup>17</sup> Listin hafði í einhverjum skilningi það samfélagslega markmið að móta almenning á ákveðinn hátt. Þannig er hugmyndin að baki því sem hefur verið kallað *húmaníska menningarhugtakið* rakin til húmanisma Upplýsingarinnar. Það „greinir á milli góðrar og slæmrar listar, þar sem mælistikan er innra gildi og gæði listarinnar.“ Viðhorfið til þessara þátta mótast svo vitanlega í samhengi við menningarstefnu stjórnvalda,<sup>18</sup> einkum ef um er að ræða pólitíska úthlutunarnefnd eins og í tilfelli listamannalaunanna. Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld voru menningarstofnanir byggðar upp með almannafé á Norðurlöndunum, t.a.m. almenningsbókasöfn, leikhús og listasöfn, og aðgangur að þeim niðurgreiddur. Þannig átti heimur listarinnar að verða sem flestum aðgengilegur óháð efnahag, í samræmi við gildi norræna velferðarkerfisins.<sup>19</sup>

Annað höfuðeinkenni norrænu menningarstefnunnar er sú mikla áhersla sem hefur verið lögð á beina styrki til einstakra listamanna. Þetta fyrirkomulag er ólíkt því sem tíðkast hefur víðast hvar í Evrópu, þar sem styrkir beinast venjulega að ákveðnum listrænum markmiðum en ekki til einstaklinga.<sup>20</sup> Ástæðurnar má meðal annars rekja til smæðar Norðurlandanna og þeirra takmörkuðu möguleika sem listamenn hafa til að koma verkum sínum í verð. Þannig er ríkisstyrkurinn að miklu leyti hugsaður sem trygging fyrir sjálfstæði listamanna frá markaðsöflunum.<sup>21</sup> Bjarki Valtýsson bendir á það valdatafl sem á sér stað á menningarsviðinu. Markaðurinn og ríkið bítast um vald yfir menningunni en stefna hvort að sínu marki: meðan markaðurinn vill hámarksgróða sækist ríkisvaldið eftir að móta ákveðna

<sup>16</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 60-63 og 75.

<sup>17</sup> Peter Duelund, „The Nordic Cultural Model“, bls. 488, „that aesthetic considerations also contributed to the development of social and material welfare as a secular alternative to religious dogmas.“

<sup>18</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 19.

<sup>19</sup> Peter Duelund, „The Nordic Cultural Model“, bls. 488.

<sup>20</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 62-63. Peter Duelund, „The Nordic Cultural Model“, bls. 495-496.

<sup>21</sup> Merja Heikkinen, „The Nordic Model of Promoting Artistic Creativity“, bls. 278.

þjóðmenningu, halda einingu með þjóðinni frammi fyrir áhrifum alþjóðasamfélagsins.<sup>22</sup> Það má því líta á listamannalaunin sem anga af norrænu menningarstefnunni, þar sem lagt er upp úr þroska einstaklingsins og list talin vera til hagsbóta fyrir samfélagið, andlega sem efnahagslega. Ríkið reynir að verja listina gegn óæskilegum áhrifum markaðarins og sníður menninguna að einhverju leyti eftir sínum hag.

---

<sup>22</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitik*, bls. 63.

## 2. Ágrip af sögu listamannalauna

Engin löggjöf var til um nákvæmt form úthlutunar listamannalauna á Íslandi fyrr en 1967,<sup>23</sup> en þá hafði þó skapast löng hefð fyrir afskiptum stjórnvalda af listum. Styrkir til skálda komust fyrst á fjárlög Alþingis árið 1891 þegar Alþingi samþykkti að veita Matthíasi Jochumssyni og Torfhildi Hólm skáldalaun.<sup>24</sup> Slíkir styrkir urðu mögulegir eftir að Alþingi fékk fjárveitingarvald árið 1874. Svipaðar styrkveitingar, þar sem þingið ákveður að veita ákveðnum aðilum tiltekna upphæð hverju sinni, höfðu á sambærilegan hátt komist í gagnið í Finnland og Noregi eftir að þessi lönd öðluðust pólitískt sjálfstæði á fyrri hluta 19. aldar.<sup>25</sup> Þessi fyrstu skáldalaun íslenska þingsins voru veitt þrátt fyrir andstöðu þeirra þingmanna sem töldu að hér væri skapað fordæmi sem skuldbyndi Alþingi til frekari fjárútláta til þessara mála í framtíðinni. Sú reyndist vera raunin og á næstu árum voru veittir styrkir til náms í hinum ýmsu listgreinum og eftir aldamót einnig til starfandi listamanna. Ólafur Rastrick sagnfræðingur telur að þessar fjárveitingar til lista megi túlka sem tilraun til þess að skapa Íslandi sess meðal svokallaðra „siðmenntaðra“ þjóða, til að stuðla að því að þjóðin gæti státað af eigin þjóðlegri listsköpun.<sup>26</sup> Á fyrri hluta 20. aldar myndaðist sú hefð að úthluta fáum útvöldum listamönnum heiðurslaunum á 18. grein fjárlaga, en þá var almennt gert ráð fyrir að þeir hlytu þau til æviloka. Að auki ákvað þingið tiltekna upphæð hverju sinni sem dreifðist á meirihluta þeirra sem skyldu hljóta laun, listamannalaunin. Ákvörðunarvald í þessum málaflokki var yfirleitt í höndum „stjórnskipaðra eða þingkjörinna nefnda“ en stundum menntamálaráðherra.<sup>27</sup> Bandalag íslenskra listamanna var stofnað árið 1928 sem stéttarfélag fyrir listamenn, og að sögn Jón Leifs að hluta til að sporna gegn því algenga viðhorfi til listamanna að þeir væru almennt „ölmusumenn eða fífl“.<sup>28</sup> Ímynd listafólks virðist þó heldur hafa skánað á næstu árum. Það var fyrst á þriðja áratugnum, þegar fór að bera á þjóðernislegri

---

<sup>23</sup> Þ.e., umfram það hvaða aðilar skyldu taka að sér úthlutunina en lög frá 1928 settu úthlutunina í hendur Menntamálaráðs (sjá neðar).

<sup>24</sup> Fyrsti Íslendingurinn til þess að hljóta skáldalaun var aftur á móti Jón á Bægisá, en honum voru veitt heiðurslaun af dönsku krúnunni árið 1819. Þau voru upp á 40 ríkisdali í árleg laun. Hann fékk þó aldrei að njóta þeirra launa því hann lést síðar sama ár (Sigurður Stefánsson, *Jón Þorláksson*, bls. 257-260).

<sup>25</sup> Merja Heikkinen, *The Nordic Model for Supporting Artists*, bls. 41 og 69.

<sup>26</sup> Ólafur Rastrick, *Íslensk menning og samfélagslegt vald*, bls. 129-132.

<sup>27</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A bls. 666. Gils Guðmundsson, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, bls. 80.

<sup>28</sup> Jón Leifs, „Íslendingar þurfa að bæta kjör og aðbúnað listamanna sinna“, *Morgunblaðið* 10. sept. 1936, bls. 4. Í nóvember 1937 sendi Bandalagið frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla þar sem það biður Alþingismenn að nota orðið *laun*, en ekki *styrkur*, um fjárveitingar til listamanna, „þar sem orðið „styrkur“ virðist geta valdið misskilningi á stöðu listamanna og frekar minst [sic] á fjárveitingar til sjúkra eða vinnulausra, en Banadlagið [sic] lítur hinsvegar svo á, að störf listamanna hafi ómetanlegt gildi bæði fyrir þjóðlífið og fyrir álitsauka landsins út á við, tryggingu sjálfstæðis þess og kynningu, þess vegna einnig fyrir afurðasöluna“ („Laun en ekki styrkur“, *Morgunblaðið* 28. nóv. 1937, bls. 3).

umræðu um listir, sem ríkið hóf veruleg afskipti af listalífinu. Stjórnámálameðlimar komust margir á þá skoðun að þjóð sem bjó yfir öflugum listalífi gæti öðlast virðingu menningarþjóðanna.<sup>29</sup> Listamönnum sem hlutu styrk frá Alþingi fjölgaði eftir því sem leið á 4. áratuginn. Árið 1928 samþykkti Alþingi frumvarp Jónasar frá Hríflu um stofnun Menntamálaráðs, en það hafði meðal annarra mála það hlutverk að „úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.“ Menntamálaráð var skipað fimm aðilum kjörnum af sameinuðu Alþingi út heilt kjörtímabil.<sup>30</sup> Á fjárlögum fyrir árið 1940 var fyrirkomulagi við útteilingu launanna breytt skyndilega. Bæði heiðursstyrkir og önnur listamannalaun voru tekin af fjárlögum (15. og 18. gr.). Heildarupphæðin til listamannalauna var á móti hækkuð og úthlutun launanna var í höndum Menntamálaráðs. Þá þóttust margir sem höfðu verið á 18. gr. sviknir, þar sem þau laun höfðu verið talin einskonar ígildi ellilífeyris.<sup>31</sup> *Þjóðviljinn* lagðist harðlega gegn breytingunum og sagði að hér væri verið að „gefa afturhaldsklíku Hríflu-Jónasar ný tækifæri til að ausa almennings fé í pólitíska gæðinga“.<sup>32</sup> Ekki leyndi sér að ákvörðunin var pólitísk. Þannig var styrkur til Halldórs Laxness lækkaður úr 5.000 krónum í 1.800 meðan Gunnar Gunnarsson hlaut 4.000 krónur, hæstu launin sem í boði voru.<sup>33</sup> Jónas var í kjölfarið ásakaður um að misnota stöðu sína sem formaður menntamálaráðs. Raunin varð sú að ráðið sá aðeins um úthlutunina árin 1940 til 1942. Það ár sendi Bandalag íslenskra listamanna ávarp til Alþingis, undirritað af öllum deildum bandalagsins, þar sem störf Menntamálaráðs voru gagnrýnd harðlega, svo og íhaldssöm skrif formannsins um listir. Listamannafélag, haldið fyrir tilstilli Bandalags íslenskra listamanna 1942, sendi frá sér ályktun í nóvember það sama ár þar sem kvartað var undan því að Menntamálaráð skyldi ekki halda áfram að úthluta þeim styrkjum sem veittir höfðu verið skv. 18. grein.<sup>34</sup> Við afgreiðslu fjárlaga 1943 var ákveðið að enn þyrfti að breyta fyrirkomulaginu. Þá voru völd Menntamálaráðs takmörkuð við skiptingu heildarfjárhæðarinnar milli fjögurra deilda Bandalags íslenskra listamanna. Hver deild kaus sér svo nefnd sem úthlutaði styrkjum.<sup>35</sup> Hér var til skamms tíma komið á kerfi í anda *arkitektamóðelsins*, þar sem stjórnvaldið skapar fjárhagsrammann en listamönnum sjálfum er látið eftir að deila gæðunum. Ekki reyndist

<sup>29</sup> Guðmundur Hálfðánarson og Ólafur Rastrick, „Culture and the Construction“, bls. 106.

<sup>30</sup> *Alþingistiðindi* 1928 A, bls. 820-821.

<sup>31</sup> Gils Guðmundsson, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari* CX (1985), bls. 79-80.

<sup>32</sup> „Verður úthlutun styrkja til listamanna dregin úr höndum Alþingis?“, *Þjóðviljinn* 16. feb. 1939, bls. 1.

<sup>33</sup> Jón Yngvi Jóhannesson, *Landnám*, bls. 370. Þegar slettist upp á venskap þeirra Gunnars lét Jónas svo lækka laun hans niður í 3.000 krónur (bls. 372).

<sup>34</sup> Magnús Kjartansson, *Elds er þörf*, bls. 48.

<sup>35</sup> Gils Guðmundsson, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari* CX (1985), bls. 93-95.

Þetta fyrirkomulag að öllu leyti vel. Snemma árs 1945 skapaðist óánægja meðal sumra meðlima með það hvernig Rithöfundafélagið hafði hagað úthlutuninni, og margir sögðu sig úr félaginu. Skömmu síðar var Félag íslenskra rithöfunda stofnað og Guðmundur G. Hagalín kjörinn formaður.<sup>36</sup> Árið 1946 var fyrirkomulaginu enn breytt og ákveðið að sérstök úthlutunarnefnd, kosin af Alþingi, myndi sjá um að úthluta listamannalaununum.<sup>37</sup> Sá háttur var hafður á allt til löggjafarinnar frá 1991.

---

<sup>36</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Kiljan*, bls. 421-423.

<sup>37</sup> Gils Guðmundsson, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari CX* (1985), bls. 95.

### 3. Óánægja listamanna með úthlutunina

Það fyrirkomulag sem komið var á um úthlutun listamannalauna 1946 gafst litlu betur en þau fyrri. Margir rithöfundar neituðu að taka við launinum sem þeim hafði verið úthlutað.<sup>38</sup> Umbætur létu þó verulega á sér standa. Áður en loks var settur lagarammi um úthlutunina árið 1967 höfðu heil fimmtán lagafrumvörp um listamannalaun verið lögð fyrir Alþingi.<sup>39</sup> Ekkert þeirra fékk afgreiðslu.

Gagnrýni listamanna og áhugafólks um menningarlífið á úthlutunina beindist ævinlega að sömu atriðunum. „Nú er kotungshátturinn horfinn úr mataræði, framgöngu og klæðaburði Íslendinga, en hann kennist fljótt í úthlutun listamannalaunanna [sic]“ skrifar Helgi Sæmundsson árið 1960.<sup>40</sup> Algeng gagnrýni á launin var að þau væru svo lág að þau kæmu þiggjendunum að litlum notum. Úthlutunarnefndir kröfðust reglulega meira fjármagns til skiptanna.<sup>41</sup> Í aukablaði *Þjóðviljans* frá 1965 er sett fram sú kenning að lítil mótstaða við úthlutun listamannalauna hér á landi, miðað við nágrannaríkið Danmörku, komi til af því „að þeim, sem hafa horn í síðu listamanna, finnst varla taka því að stofna til rifrildis út af þeim upphæðum sem hér er varið til styrktar listum.“<sup>42</sup> Þar réði miklu að fjöldi einstaklinga sem þáði listamannalaun var nokkuð hár miðað við upphæðina sem úr var að spila. Viðtakendum launanna í hverri listgrein var skipt niður í misháa launaflokka og minnti kerfið því óneitanlega á „einkunnagjöf í skóla“. T.a.m. var launum rithöfunda deilt í allt að ellefu flokka á fyrstu árum hinnar pólitísku sérnefndar.<sup>43</sup> Þetta fyrirkomulag er til marks um að nefndirnar töldu sig fyrst og fremst vera í hlutverki dómara um gæði lista, þær treystu sér til að stilla þeim upp í margfalt stigveldi. Í krónum talið hækkaði framlag ríkisins til listamanna á 6.

<sup>38</sup> Magnús Kjartansson, *Elds er þörf*, bls. 51.

<sup>39</sup> Þ.e.a.s. í fimmtán skipti lá frumvarp um listamannalaun fyrir þinginu. Í mörgum tilfellum voru sömu frumvörpin lögð fram oft en einu sinni nánast án breytinga.

<sup>40</sup> Helgi Sæmundsson, „Barnasjúkdómar tækninnar“, bls. 80.

<sup>41</sup> T.d.: *Alþingistíðindi* 1957 A2, bls. 830. „Stórhækka þarf fjárveitingu til listamannalauna“, *Þjóðviljinn* 3. júní 1960, bls. 3. Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf úthlutunarnefndar listamannalauna til menntamálaráðherra*, 25. jan. 1965. Úthlutunarnefnd ársins 1955 fór meira að segja aðeins fram úr sér og fór 3.500 krónum yfir þá upphæð sem fjárlög höfðu gert ráð fyrir að yrði úthlutað. (Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, *Skjöl um „Úthlutun fjárveitingar til skálda, rithöfunda og listamanna samkvæmt fjárlögum 1955“*. *Bréf úthlutunarnefndar listamannalauna 1955 til menntamálaráðuneytis*, 1. feb. 1955).

<sup>42</sup> Á.B., „Listamannalaun og þjóðnýting“, *Sunnudagur, fylgirit Þjóðviljans* 14. mars 1965, bls. 115. Mikil mótæmi urðu vegna stofnunar *Statens kunstfond* árið 1964. Til varð mótmælareyðing sem kenndi sig við Rindalísma (e. *Rindalism*) gegn þeirri meintu elítumenningu sem stofnunin stóð fyrir (Peter Duelund, „Cultural Policy in Denmark“, bls. 43).

<sup>43</sup> *Alþingistíðindi* 1950 A1, bls. 223-224.

áratugnum um tæp 150%.<sup>44</sup> Hins vegar var kvartað yfir því að launin „[hefðu] sífelld farið lækkandi ... í hlutfalli við fjárlög og verðgildi peninga á hverjum tíma“.<sup>45</sup> Einnig var endurtekið kvartað undan því að skattur skyldi lagður á launin. Í bréfi Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra er því haldið fram „að ekki [séu] nein skynsamleg rök fyrir því, að ríkið taki með annarri hendinni það, sem það leggur með hinni til listrænnar menningarþróunar með þjóðinni, enda [hafi komið] greinilega í ljós, þegar Alþingi samþykkti einróma, að Nóbelsverðlaun skyldu vera skattfrjáls, að ekki þykir hæfa að skattleggja heiðursverðlaun.“<sup>46</sup> Alþingi þótti almennt ekki nógu rausnarlegt í framlagi sínu til listamanna.

Í ofanálag hafði listheimurinn stækkað allverulega. Vakin var athygli á að 5. og 6. áratugurinn hefðu verið „mikið blómaskeið á vettvangi íslenskra lista og viðurkenndum listamönnum fjölgað mjög mikið.“<sup>47</sup> Sigurður Nordal hafði orð á því á listahátíð Bandalags íslenskra listamanna árið 1964 hvílk fjölgun hefði orðið í hópi listamanna frá fyrsta listamannþinginu 1942. Þá voru fjögur félög skráð í Bandalag íslenskra listamanna, nú höfðu þrjú bæst við og eldri félögin voru orðin talsvert fjölmennari, auk þess sem margir listamenn voru nú á föstum launum hjá Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveit Íslands.<sup>48</sup> Það var því talsvert stærrí hópur um hituna árið 1964 en 1942. Í bréfi Rithöfundasambandsins til menntamálaráðherra frá árinu 1962 er kvartað undan því að 10 færri hljóti nú listamannalaun en árið 1946, þrátt fyrir áðurgreinda fjölgun í hópi listamanna.<sup>49</sup>

Mikið var einnig gert úr því „að því fé sem veitt [væri] til liststarfs á Íslandi [væri] úthlutað samkvæmt pólitískum og persónulegum hleypidómum og öðrum sjónarmiðum sem óskyld eru listrænu mati.“<sup>50</sup> Sigurjón Jónsson rithöfundur talar í raun um „það stríð, sem árlega er háð

---

<sup>44</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Ómerkt skjal frá 12. júní 1964*. Upphæðin var 519.000 kr. árið 1950 og 1.260.000 árið 1960.

<sup>45</sup> Ingólfur Kristjánsson, „Alþingi og listamannalaunin“, bls. 270. Þannig bendir Guðmundur G. Hagalín á það árið 1957 að þrátt fyrir stóraukin lífskjör þjóðarinnar séu listamannalaunin miklu lægri en fyrr á öldinni sé tekið tillit til verðyrnunar krónunnar. Hann áætlað að miðað við skáldastyrk Einars Hjörleifssonar upp á 1.200 kr. árið 1913 yrðu 48.000 kr. hliðstæð upphæð 1957. Þeir tveir rithöfundar sem árið 1957 sátu í heiðursflokki listamanna, Halldór Laxness og Gunnar Gunnarsson, þurftu þó að gera sér 33.000 kr. að góðu. Hann bendir ennfremur á að „listamannafé fjárlaganna [sé] miklu minni hundraðshluti ríkisteknanna en það var árið 1933.“ (Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, Eimreiðin LXIII (1957) 4. tbl., bls. 248-250).

<sup>46</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra, ódagsett*.

<sup>47</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til fjárveitingarnefndar Alþingis, 25. okt. 1958*.

<sup>48</sup> Sigurður Nordal, *List og lífsskoðun* III, bls. 286-287.

<sup>49</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra, 26. sept. 1962*.

<sup>50</sup> „Úthlutun listamannalauna“, *Þjóðviljinn* 30. maí 1947, bls. 4.



hér í landi“ vegna launanna.<sup>51</sup> Bjarki Valtýsson telur að íslenska kunningjasamfélagið hafi haft mikið um það að segja hve langt á eftir hinum Norðurlöndunum Ísland var lengi vel hvað varðar menningarmál. Úthlutunarnefndirnar voru pólitískar í eðli sínu, kjörnar af Alþingi, og „hygldu sínu fólki og þeirra listsýn.“ Íslensk menningarpólitík fylgdi í grófum dráttum fyrirmynd Norðurlandanna, t.d. með auknum ríkisstyrkjum til menningar og því að koma á fót menningarstofnunum<sup>52</sup> en ekki var um heilsteypa menningarstefnu að ræða og úthlutunin fylgdi ekki seilingarfjarlægðarlögmálinu.<sup>53</sup> Málið var mikið rætt í blöðunum og manna á meðal við birtingu niðurstöðu úthlutunarnefndar. „Það er orðinn fastur liður í skemmtanalífi Íslendinga að deila um úthlutun listamannalauna einu sinni á ári hverju“ skrifar Sigurður A. Magnússon árið 1964.<sup>54</sup> Þorkell Jóhannesson, meðlimur úthlutunarnefndar 1952, segir í viðtali:

Mér skilst, að enginn sé ánægður með hana [úthlutunina]. Ég vil ekki fullyrða, að ég hafi nokkru sinni gert mér í hugarlund, að hægt væri að skipta þessu fé, svo að ekki yrði að fundið. Það er að minnsta kosti ekki sennilegt. Hitt er víst, að eftir sjö ára reynslu er ég fulltrúa orðinn um það, að slíkt mun aldrei takast.<sup>55</sup>

Þar sem engar reglur höfðu verið settar um úthlutunina var það undir nefndinni sjálfri komið að útlista smáatriðin á hverju ári. Meðlimir úthlutunarnefndar voru vanir að byrja á því að sameinast um fjölda launaflokka. Síðan réðst það í atkvæðagreiðslu hverjir fengu laun og í hvaða launaflokki þeir enduðu. Það var almenn regla hjá nefndinni að halda áfram styrk við þá listamenn sem áður höfðu verið styrktir í fjárlögum Alþingis.<sup>56</sup> Sumum þótti valið vera á of fárra manna höndum. Einar Bragi, ritstjóri Birtings, taldi það vera „með öllu óviðunandi, að bókmenntasmekkur einhverra þremmenninga – hverjir sem þeir væru – [skyldi] hljóta eins konar þinglega löggildingu ár eftir ár og ákvörðunarvald um afkomu skálda og rithöfunda.“<sup>57</sup> Smekkvísi nefndarmanna var einnig dregin í efa. Í greinargerð lagafrumvarps frá 1966 er varað við kosningu „listdómara eftir pólitískum línunum“: „Litblindum getur þar verið ætlað að dæma um liti og lagdaufum um tónlist.“<sup>58</sup> Í grein frá 1957 kemst Hannes Sigfússon að þeirri niðurstöðu að „hæstarétti íslenskra listmála“ skjátlist hrapallega í mati sínu á ljóðskáldum, og

<sup>51</sup> Sigurjón Jónsson, „Listamannalaunin“, bls. 179.

<sup>52</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 95.

<sup>53</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 119-120 og 122.

<sup>54</sup> Sigurður A. Magnússon, „Um listamannalaun“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. maí 1964, bls. 5.

<sup>55</sup> J. ú. V., „Talað við úthlutunarnefnd“, bls. 8.

<sup>56</sup> Þf. Menntamálaráðuneytið B/620. *Fundargerðir listalaunanefndar*, fundargerð frá 8. nóv. Þannig lýsir Helgi Sæmundsson ritstjóri starfi nefndarmanna.

<sup>57</sup> E.B., „Hver styrkir hvern?“, bls. 57.

<sup>58</sup> *Alþingistiðindi* 1965 A2, bls. 831-832.

telur að þar á bæ sé listsköpun landans „jöfnuð við jörðu jafnskjótt og hún ris yfir meðalmennskuna“.<sup>59</sup> Hann sýnir með dæmum að nefndin beri ekki skynbragð á góðan kveðskap og klingir út með þessum orðum: „Burt með þá! Annars eru þeir vísir til að setja höfunda danslagatexta á hæsta styrk á næsta ári.“<sup>60</sup> Valdið var í höndum fárra, og að margra áliti fákunnandi, alþingismanna sem sakaðir voru um að byggja val sitt á flestu öðru en listrænum verðleikum. Helgi Sæmundsson, sem oft hafði setið í úthlutunarnefndinni, taldi að ójöfn skipting launanna væri helsta óánægjuefni listamanna, jafnvel þótt lítið færi fyrir því í opinberri umræðu.<sup>61</sup> Ein af athugasemdum Bandalags íslenskra listamanna við frumvarp til laga um listamannalaun árið 1967 var sú að „[við] birtingu úthlutunar (í blöðum og útvarpi) [yrðu] aðeins birt nöfn, en ekki upphæðir.“<sup>62</sup> Metingur milli listamanna hefur því einnig haft talsvert að segja um óánægju með úthlutunina.

Í 4. tölublaði Birtings frá 1954<sup>63</sup> eru þekktir listamenn sem og áhugamenn um listir yntir eftir því hvaða umbætur væru heppilegar á úthlutunarkerfinu. Þar ríkir nokkuð almenn samstaða um að besta lausnin sé að færa valdið í auknum mæli í hendur listamannanna sjálfra. Birgir Möller, starfsmaður íslenska sendiráðsins í Stokkhólmi, telur t.d. að sú skipan myndi „auka félagsþroska listamanna.“ Jón Leifs vill hins vegar að listamenn fái aðstöðu til að vinna vinnu sína í næði og stingur upp á að nýta húsakost á Þingvöllum. Hann lagði meiri áherslu á aðstöðu listamannsins en upphæð listamannalaunanna:

Það er geysileg andleg aflraun að skapa listaverk. Frumskilyrðið er að útvega listamanninum algeran vinnufrið á meðan, þótt ekki sé hægt að forða honum frá allskonar þjáningum og þrældómi þess á milli. Hin þrautpínda listamannssál þarf bæði góðan vinnustað, aðhlyningu og helzt þjónustu, - fremur en launin.<sup>64</sup>

Listamannalaunin gátu veitt listamanninum hugarró, komið í veg fyrir að fjárhagsáhyggjur trufluðu hann í listsköpun sinni. Ört stækkandi hópur listamanna á Íslandi vildi aukið fjármagn til listheimsins, sanngjarna og óhlutdræga skiptingu launanna og öryggi og reglu í stað gerræðislegra ákvarðana úthlutunarnefndar.

---

<sup>59</sup> Hannes Sigfússon, „Laun listamanna“, bls. 1.

<sup>60</sup> Sama heimild, bls. 6.

<sup>61</sup> Helgi Sæmundsson, „Barnasjúkdómar tækninnar“, bls. 80.

<sup>62</sup> ÞÍ. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf frá Bandalagi íslenskra listamanna til menntamálaráðherra*, 9. feb. 1967.

<sup>63</sup> „Listamannalaunin“, bls. 75-77.

<sup>64</sup> ÞÍ. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, Jón Leifs, „Úthlutun listamannalauna. Frumdrög að nýju skipulagi“, bls. 2. Ódagsett en ljóst út frá efni að greinargerðin er samin kringum nefndarvinnu Listlaunaneftdar 1956 (sjá 5. kafla).

#### 4. Tillögur til umbóta

Frumvörp um listamannalaun á Alþingi fengu aldrei mikla athygli. Tillögurnar sem voru gerðar fram á miðjan 7. áratuginn voru flestar unnar í samvinnu við bandalög listamanna og fluttar endurtekið af einstökum þingmönnum við litlar undirtektir. Það má spyrja hvers vegna jafn lítið þokaðist í þessu máli og raun ber vitni. Hvað réði afstöðu þeirra alþingismanna sem málið fluttu og hvar stóð hnífurinn í kúnni?

Að öllum líkindum var pólitíska sérnefndarfyrirkomulagið sem komið var á árið 1946 alltaf hugsað til bráðabirgða. Þegar það sama ár skipaði Brynjólfur Bjarnason menntamálaráðherra nefnd um málið. Hún skilaði frá sér frumvarpi sem síðan var sent til athugunar hjá Bandalagi íslenskra listamanna. Þar voru breytingar gerðar á tillögum þingnefndarinnar sem almenn sátt virðist hafa myndast um meðal aðildarfélaga samtakanna.<sup>65</sup> Á fundi Bandalagsins þann 26. janúar 1947 var svo gengið frá frumvarpinu í endanlegri mynd.<sup>66</sup> Meira að segja þingkjörin úthlutunarnefnd ársins 1947 lýsti yfir stuðningi við tillögur Bandalagsins og hvatti Alþingi til að bæta úr stöðu mála.<sup>67</sup> Hér var flestum áðurgreindum kröfum listafólks svarað. Bandalag íslenskra listamanna og háskólaráð áttu aðild að úthlutunarnefnd.<sup>68</sup>

Gylfi Þór Gíslason, þingmaður Alþýðuflokks, varð fyrstur til að leggja frumvarp um listamannalaun fyrir þingið haustið 1948.<sup>69</sup> Frumvarpið sem Gylfi flutti var þó ekki samhljóma tillögum Bandalagsins. Frumvörpin greindi fyrst og fremst á um tvö atriði. Í fyrsta lagi var ekki kveðið á um skattfrelsi launanna líkt og frumvarp Bandalagsins hafði gert. Í öðru lagi var form úthlutunarinnar með öðrum hætti. Samkvæmt tillögum Gylfa átti Bandalag íslenskra listamanna ekki að hafa neina aðkomu að málinu. Þar að auki hafði heimspekideild Háskóla Íslands engin raunveruleg völd í úthlutuninni. Hún og stofnunin *listaráð* sáu aðeins um að vera ráðgefandi fyrir menntamálaráð, sem aftur fékk í hendur allsherjarvald. Hið

---

<sup>65</sup> Þingnefndin hafði upphaflega lagt til að sjö manna nefnd skyldi úthluta laununum. Þar af skyldu stjórnmaflokkar tilnefna fjóra menn, heimspekideild Háskólans tvo, en sá sjöundi skyldi tilnefndur af þeirri deild listamanna er úthlutað væri til hverju sinni. Gert var ráð fyrir sex launaflokkum. Einnig var ákvæði um að listamaður sem hefði þegið heiðurslaun í fimm ár skyldi halda þeim ævilangt (*Alþingistíðindi* 1949 D, d. 256).

<sup>66</sup> *Alþingistíðindi* 1949 A2, bls. 830.

<sup>67</sup> „Styrkveitingar til skálda og listamanna“ *Vísir* 31. maí 1947, bls. 3.

<sup>68</sup> Frumvarpið kvað á um að úthlutun launanna skyldi vera í höndum nefndar skipaðri menntamálaráði, formanni Bandalags íslenskra listamanna, auk þess sem einn meðlimur skyldi tilnefndur af háskólaráði. Launaflokkarnir skyldu vera aðeins þrír og launin skattfrjáls, auk þess sem þriðja grein kveður á um að „[hafi] listamaður komið fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, [megi] eigi lækka hann í flokki úr því.“ (*Alþingistíðindi* 1949 A2, bls. 830). Frumvarpið var þó ekki lagt fram á þingi vorið 1947, að sögn Þjóðviljans vegna þess að „hinn nýi menntamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, kvaðst vera svo önnum kafinn að hann hefði ekki tíma til að kynna sér þær!“ („Úthlutun listamannalauna“ *Þjóðviljinn* 30. maí 1947, bls. 4).

<sup>69</sup> *Alþingistíðindi* 1948 A1, bls. 354-355.

svonefnda listaráð var nýbreytni. Þar sá Gylfi fyrir sér ráð skipað heiðursverðlaunahöfum Alþingis sem yrði „menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.“ Tillögur Gylfa voru því nokkuð íhaldssamari en tillögur Bandalagsins. Viðurkenndir listamenn af eldri kynslóðinni áttu að kveða upp dóm yfir list samtímans og úthlutunarvaldið var enn tryggilega innan vébanda Alþingis. Hugmyndin um listaráð er mjög í anda húmaníska menningarhugtaksins. Hún gefur til kynna að til sé einhver algildur mælikvarði á góðan smekk. Þessir ráðgjafar hefðu allir verið handvaldir af sameinuðu þingi og skyldu sitja í ráðinu til æviloka. Hér er því ákveðin forsenda fyrir menningarstjórnun ráðandi afla í samfélaginu. Á næsta löggjafarþingi voru tillögur Bandalagsins loks lagðar fyrir þingið óbreyttar af Magnúsi Kjartanssyni, varaþingmanni Sósíalístaflokksins<sup>70</sup> og jafnframt frumvarp Gylfa að mestu óbreytt.<sup>71</sup> Alls lá frumvarp Bandalagsins þrisvar fyrir þinginu, Gylfa fjórum sinnum og alltaf hlutu þau jafn dræmar undirtektir.<sup>72</sup>

Það var fyrst og fremst skipun úthlutunarnefndar sem vakti fyrir Magnúsi Kjartanssyni. Hann taldi að úthlutunarvaldið hefði árið 1943 verið fært til samtaka listamanna í andstöðu við þeirra eigin vilja. Hann kenndi „afturhaldsmönnum“ um ósættið sem upp kom milli rithöfunda við úthlutunina, þegar Guðmundur G. Hagalín og fleiri yfirgáfu Bandalag íslenskra listamanna. Þetta hefur Magnús að segja um tilkomu hinnar pólitísku nefndar árið 1946:

Þá hugsar íslenskt afturhald sér enn til hreyfings eftir að verkalýðssamtökin og Sósíalístaflokkurinn höfðu mótað þjóðlífið að verulegu leyti undanfarin ár. Krafa hafði borist frá Bandaríkjunum um þrjár herstöðvar í landinu, og þá kröfu hafði verið ákveðið að samþykkja eftir kosningar, en jafnframt því myndi hefjast gullöld auðstéttarinnar og gleðitið afturhaldsmanna. Og eins og 1939 vaknaði jafnhliða þessum sæludraumi áhuginn á menningunni.<sup>73</sup>

Að færa valdið úr höndum listamanna yfir á forráð þingsins var í huga Magnúsar hluti af tilraunum afturhaldsins til þess að ná sem föstustum tókum á þjóðfélaginu. Það vildi geta valið þá listamenn sem voru því þóknanlegir. Magnús taldi að „tilgangurinn með breytingunni ... [hefði verið] sá og sá einn að ráðast gegn þeim listamönnum sem líkegastir voru til að

<sup>70</sup> *Alþingistiðindi* 1949 A2, bls. 830-832.

<sup>71</sup> *Alþingistiðindi* 1949 A2, bls. 839-841.

<sup>72</sup> Haustið 1950 lögðu báðir frumvörp sín fram aftur, Gylfi 19. október, Magnús 20. október (*Alþingistiðindi* 1950 A1, bls. 223-224 og 232-234). Gylfi lagði svo frumvarp sitt fram í fjórða sinn á þinginu í október 1951 (*Alþingistiðindi* 1951 A1, bls. 267-268). Jónas Árnason og Ásmundur Sigurðsson lögðu frumvarp Bandalagsins fram í nóvember það sama ár. (*Alþingistiðindi* 1951 A1, bls. 437-439).

<sup>73</sup> Magnús Kjartansson, *Elds er þörf*, bls. 49-50.

standa fastast á rétti íslenskrar alþýðu“.<sup>74</sup> Það var því lykilatriði að úthlutunarvaldinu væri deilt með fræði- og listamönnum, annars myndu annarleg og „borgaraleg“ sjónarmið ráða för.<sup>75</sup>

Gylfi lagði áherslu á að tilgangur hans væri fyrst og fremst „að koma fastri skipan á úthlutun launa til skálda, rithöfunda og annarra listamanna“ og koma þannig í veg fyrir þær árlegu deilur sem úthlutunin olli.<sup>76</sup> Það má því gera ráð fyrir að Gylfi hafi talið að aðkoma Bandalags íslenskra listamanna, og þátttaka þess eða heimspekideildarinnar í úthlutuninni, væri ekki til þess fallin að koma á þeirri sátt. Gylfi hafði einlægán áhuga á menningarmálum og virðist hafa litið á menntun og menningu sem jafn veigamikinn þátt jafnaðarstefnunnar og stjórnsmál og efnahagsmál. Hann segir í bók sinni *Viðreisnarárin*:

Þjóðfélagið er því aðeins gott og réttlátt, að það mótist af frelsi og jafnrétti. Og frelsið verða menn að hagnýta til þess að öðlast aukinn þroska. En það er ekki nóg að efla frelsi, réttlæti og hagsæld. Jafnframt verður að stefna að fegurra mannlífi. Þess vegna verður menning að vera einn af hornsteinum góðs og réttláts samfélags.<sup>77</sup>

Gylfi átti síðar eftir að beita sér fyrir gagngerum umbótum í menntakerfinu, leggja fram ný lög um Menningarsjóð og Menntamálaráð og endurvekja handritamálið eftir að hann varð menntamálaráðherra árið 1956.<sup>78</sup> Listamannalaunin voru því aðeins eitt þeirra menningarmála sem honum voru hagleikin. Sigurður E. Guðmundsson tengir menningarstefnu Gylfa við „grundvallarbreytinguna á vestrænum jafnaðarmannaflokkum um og fyrir miðja 20. öldina, er þeir breyttust úr þröngum stéttaflokkum í víðsýna flokka vinstri- og miðjumanna sem hver og einn hafði hagsmuni þjóðarinnar allrar að leiðarljósi“.<sup>79</sup> Það er líklegt að Gylfi hafi talið að aukinn styrkur til menningarmála væri þjóðinni í heild til hagsbóta, blómstrandi menningu fylgdi fagurt mannlíf. Það að koma í veg fyrir beina þátttöku listafólks í úthlutuninni tryggði

---

<sup>74</sup> Magnús Kjartansson, *Elds er þörf*, bls. 51. Magnús átti sæti í úthlutunarnefnd ársins 1947 og lagði þar til að nefndin fylgdi tillögum Bandalagsins í störfum sínum. Þorkell Jóhannesson, fulltrúi Framsóknarflokks, sat hjá, en Ingimar Jónsson frá Alþýðuflokknum og Þorsteinn Þorsteinsson frá Sjálfstæðisflokknum felldu tillöguna. Meirihluti nefndarinnar mun þó hafa lýst sig í höfuðatriðum sammála tillögum Bandalagsins, en vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á þinginu þar sem til stæði að leysa úr þessum málum („Úthlutun listamannalauna“ *Þjóðviljinn* 30. maí 1947, bls. 4. Magnús Kjartansson, *Elds er þörf*, bls. 50).

<sup>75</sup> Í ljósi þessara ummæla kann það að virðast hálfundarlegt að Magnús skuli hafa lagt fram tillögur þar sem menntamálaráð er yfir höfuð haft með í ráðum. En Magnús taldi að listamenn vildu ekki fá úrslitavald um launin. Samkvæmt tillögum Bandalags íslenskra listamanna var valdinu deilt með menntamálaráði. Hvort sem að Bandalagið lagði fram þær tillögur vegna kröfu listamanna um að fá ekki öll völd til sín, eða vegna þess að þeim fannst ólíklegt að slík krafa kæmist í gegnum þingið, ákvað Magnús að fylkja sér að baki hugmyndum listamanna um einskonar málamiðlun. Þannig voru völd „afturhaldsins“ takmörkuð.

<sup>76</sup> *Alþingistiðindi* 1950 C, d. 264.

<sup>77</sup> Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, bls. 140.

<sup>78</sup> Sigurður E. Guðmundsson, „Gylfi Þ. Gíslason“, bls. 55-57 og 60-64.

<sup>79</sup> Sama heimild, bls. 56.

einfaldlega minni átök innan stéttarinnar. Að mati Magnúsar voru stjórnarflokkarnir að tryggja það að raddir skoðanabræðra þeirra yrðu háværari en andstæðinganna. Magnúsi kann t.a.m. að hafa þótt hugmynd Gylfa um listráð vera til marks um menningarlega íhaldssemi. Hvað sem líður pólitískum skoðanamun Magnúsar og Gylfa, þá má telja að á sjónarmiðum þeirra í listalaunamálinu hafi í raun aðeins verið áherslumunur. Þeir voru báðir umbótamenn hvað varðar framlög til lista, og vildu bæta kjör listamanna. Almennt vantraust milli stjórnarflokkanna og Sósíalístaflokksins eftir komu hersins 1947 kann að hafa átt sinn þátt í gagnkvæmu vantrausti milli flokksmanna, en ágreiningurinn snerist fyrst og fremst um útfærslur á úthlutuninni, ekki heildarmyndina.

Hafa ber í huga að á þessum árum skiptust listamenn mjög upp í fylkingar eftir stjórnmalaskoðunum. Bókmenntaumuræða 5. og 6. áratugarins var oft á tíðum á pólitískum nótum. Þar má t.d. nefna bókaútgáfu Menningarsjóðs og Þjóðvinafélags að frumkvæði Jónasar frá Hriflu til höfuðs bókaútgáfu Máls og menningar sem hófst árið 1940.<sup>80</sup> Starfandi voru tvö rithöfundafélög, Rithöfundasamband Íslands, sem tók þátt í andstöðuhreyfingunni við Keflavíkurstöðina, og Félag íslenskra rithöfunda, sem skipaði sér á hægri væng stjórnmalanna.<sup>81</sup> Stuðningur listamanna við tillögur um löggjöf hefur að einhverju leyti mótast af því hver flutti frumvarpið. Enn eymdi eftir af pólitískum sjónarmiðum um listamannalaunin á þingi, sem höfðu verið ríkjandi kringum breytingarnar árið 1940, en litlar deilur sköpuðust um frumvörpin í þingsölum. Það kann að vera að alþingismönnum hafi verið þvert um geð að styrkja listalífið frekar á þessum tíma í ljósi þess að samdráttur varð í íslenskum efnahag kringum 1950. Því var reynt að takmarka útgjöld ríkisins eftir föngum. Þessi niðurskurður bitnaði á menningarstofnunum sem komist höfðu á laggirnar eftir stríð<sup>82</sup> og umbætur á listamannalaunum og aukinn fjárstyrkur við listamenn hafa eflaust mátt líða fyrir efnahagsástandið.

Það voru ekki þingmenn heldur listamenn sem áttu frumkvæðið að næstu tilraun til úrbóta.<sup>83</sup> Árið 1954 samdi Helgi Hjörvar, þáverandi ritari Bandalags íslenskra listamanna, nýjar tillögur

---

<sup>80</sup> Árni Bergmann, „„Ofbeldi kommúnista við borgaralega rithöfunda““, bls. 71-72.

<sup>81</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 124.

<sup>82</sup> Sama heimild, bls. 119. Á árunum 1947-1952 var að meðaltali 3% samdráttur í þjóðarbúskapnum, en stríðsgróðinn sem hafði tryggt mikinn hagvöxt árin á undan var að mestu uppurinn (Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur“, bls. 36).

<sup>83</sup> Þó að ekkert frumvarp um listamannalaun hafi verið lagt fyrir þingið fram til 1956 var ekki þar með sagt að málið væri dauft. Að sögn Gunnars Thoroddsen, þingmanns Sjálfstæðisflokks, í umræðum á Alþingi árið 1956, var það mikið rætt í menntamálanefnd, sem hann átti sjálfur sæti í. Þar munu fyrri frumvörp um listamannalaun hafa verið tekin fyrir og nefndin kallað til Bandalag íslenskra listamanna, háskólaráð, menntamálaráð og fleiri

til laga.<sup>84</sup> Gunnar Thoroddsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, lagði frumvarpið svo fram í mars 1956 að beiðni Rithöfundafélags Íslands, í meginatriðum óbreytt.<sup>85</sup> Lítil breyting er þar gerð á úthlutun listamannalaunanna, þingkjörin nefnd á áfram að sjá um hana, en þó með ráðgjöf frá menntamálaráði og fulltrúum Bandalagsins.<sup>86</sup> Aðaláhersla frumvarpsins er á heiðurslaunin, en í þeim flokki er reynt að taka upp bætt form hinnar sárt söknuðu 18. greinar.<sup>87</sup> Engum yngri en 40 ára má veita heiðurslaunin. Tillögur Helga um umbætur virðast almennt stefna að minni ágreiningi meðal listamanna. Þannig segir í greinargerð frá Rithöfundafélaginu að það að festa hina eldri og viðurkenndari listamenn landsins í sessi með heiðurslaunum muni stuðla að minni togstreitu milli hinna yngri og eldri listamanna. Helgi hafði reyndar í sínum upprunalegu tillögum gert ráð fyrir að aldurstakmarkið væri 50 ár eða 45 ár.<sup>88</sup> Sama á við um 5. grein þar sem kveðið er á um að fjárhagur, starfslaun, eftirlaunaréttur og aðrar tekjur skuli tekin sem viðmið um hver hljóti launin. Hér virðist einnig vera ætlunin að koma í veg fyrir illdeilur meðal listamanna.<sup>89</sup> Frumvarpið, eins og það var lagt fyrir Alþingi,<sup>90</sup> heldur jafnframt öllu endanlegu ákvörðunarvaldi hjá Alþingi, sameinað þing og menntamálaráðherra úthluta heiðurslaununum og þingkjörin nefnd listamannalaununum.

Í umræðu á þingi skapaðist nokkur ágreiningur milli Gylfa Þ. Gíslasonar og Gunnars Thoroddsen um raunverulegan stuðning listamanna við frumvarpið. Formannsskipti höfðu orðið hjá Rithöfundafélaginu og Gylfi tjáði þinginu að burt séð frá mögulegum stuðningi fyrri stjórnar við frumvarpið, hefði hinn nýi formaður, sem og forysta Félags íslenskra rithöfunda, lýst sig alfarið á móti ákvæðinu um menntamálaráðherra. Gylfi hvatti til þess að gerðar yrðu

---

aðila, til að gefa sína umsögn (*Alþingistíðindi* 1955 C, d. 682). Hún virðist þó aldrei hafa skilað neinu frá sér efnislega.

<sup>84</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, „*Tillögur um listamannalaun*“ eftir Helga Hjörvar).

<sup>85</sup> *Alþingistíðindi* 1955 A2, bls. 1345-1347. Málið var Gunnari ekki ókunnugt því hann hafði átt sæti í þeirri nefnd sem Brynjólfur Bjarnason skipaði um málið árið 1946.

<sup>86</sup> Þetta ákvæði er sennilega komið frá Gunnari þar sem það er ekki að finna í tillögum Helga. Það má þó telja að Helgi hafi haft í huga svipað fyrirkomulag á úthlutun listamannalauna og tíðkast hafði áður þar sem hann leggur sjálfur engar tillögur fram um úthlutunina (Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, „*Tillögur um listamannalaun*“ eftir Helga Hjörvar).

<sup>87</sup> Ákvæðin eru þó ögn nákvæmari en fyrr. Sameinað Alþingi veitir sex mönnum 20.000 kr. laun samkvæmt kosningu. Alls skal veita 30 öðrum listamönnum árslaun í lægri launaflokkum. Þar hefur menntamálaráðherra úrslitavald en skal byggja val sitt á tillögum sem menntamálaráð og fimm manna nefnd heimspekideildar Háskólans skila inn hvor í sínu lagi.

<sup>88</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, „*Tillögur um listamannalaun*“ eftir Helga Hjörvar.

<sup>89</sup> Tillagan er sambærileg við hugsunina á bak við Eckersberg-Thorvaldsenfondet, sem stofnaður var í Danmörku árið 1956. Sjóðurinn veitti fjárstyrk til viðurkenndra sjónlistamanna á gamals aldri og jafnframt til fjölskyldna látinna listamanna (Merja Heikkinen, *The Nordic Model for Supporting Artists*, bls. 14-15).

<sup>90</sup> Sjá nm. 86.

tillögur í góðu samráði við bæði rithöfundafélögin og Bandalag íslenskra listamanna.<sup>91</sup> Gunnar sagðist hins vegar hafa haft veður af því „að á aðalfundi félagsins [Rithöfundafélags Íslands] nú alveg nýskeyð [hefði] komið fram mikil ánægja á fundinum með þetta frv. og ekki andmæli gegn því“.<sup>92</sup> Svo mikið er víst að í þeim bréfum sem Rithöfundasambandið sendi menntamálaráðuneyti næstu árin á eftir, en þá höfðu rithöfundafélögin myndað með sér bandalag, er meiri áhersla lögð á að fjárhæð til styrktar listamönnum sé aukin en skipun úthlutunarnefndar.<sup>93</sup> Gylfi Þ. Gíslason tók það jafnframt fram á þingi 1961 að samtök listamanna hefðu enn meiri áhuga á hærri upphæð launa en löggjöf um þau.<sup>94</sup> Bréf Rithöfundasambandsins til menntamálaráðherra frá vetrinum 1960-1961 gefur ákveðnar vísbendingar um hvað lá að baki tillögum Rithöfundafélagsins. Þar segir:

Listamannasamtökin hafa um árábil gagnrýnt þá aðferð, að úthlutunarnefnd væri kosin af stjórnmalaflokkum. Stjórn R.Í. treystir sér þó ekki til þess, að svo komnu máli, að benda á neina fasta aðila í menningarmálum, er eðlilegt væri að fela þá ábyrgð og því eru hér ákvæðin um fimm manna þingkjörna nefnd. Nauðsynlegt verður að teljast, að nefndin hafi samráð við sérfróða menn í hverri listgrein.<sup>95</sup>

Bréfið gefur til kynna að óeining meðal listamanna sé lykilþáttur í afstöðu sambandsins til fyrirkomulags úthlutunarinnar. Þrátt fyrir að viljinn væri fyrir hendi var enginn aðili til staðar sem gæti séð um úthlutunina án þess að vekja upp heiftúðugar deilur meðal listafólks. Bæði voru menn meðvitaðir um vonda raun af slíku kerfi í öðrum löndum og svo reyndist oft erfitt að fá mannskap í hið miður eftirsóknarverða starf að deila gæðunum. Þeir sem það gerðu áttu auðvitað ekki möguleika á að hljóta launin sjálfir.<sup>96</sup>

Óeiningin var mikil milli Rithöfundafélags Íslands og Félags íslenskra rithöfunda. Sigurjón Jónsson rithöfundur kvartaði yfir því í tímaritinu *Eimreiðinni* að frumvarpið, runnið undan rifjum Rithöfundafélagsins, hefði ekki verið borið undir Félag íslenskra rithöfunda, sem hafði ýmsar athugasemdir við tillögurnar fram að færa. Gagnrýnt er að einungis menntamálaráð og „svo kallað Bandalag íslenskra listamanna“ séu til ráðgjafar hinni þingkjörnu nefnd og litið svo á að hér sé verið „að bola sérstaklega Félagi íslenskra rithöfunda og fleirum, sem ekki eru

<sup>91</sup> *Alþingistíðindi* 1955 C, d. 680-682.

<sup>92</sup> *Alþingistíðindi* 1955 C, d. 682.

<sup>93</sup> Þ.Í. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til fjárveitingarnefndar Alþingis*, 25. okt. 1958, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðuneytis*, 24. jún 1960. Þ.Í. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra*, ódagsett.

<sup>94</sup> *Alþingistíðindi* 1960 C, d. 205.

<sup>95</sup> Þ.Í. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra*, ódagsett. Af efni bréfsins má ráða að það er frá vetrinum 1960-1961.

<sup>96</sup> *Viðtal*. Höfundur við Svein Einarsson.



í Bandalaginu, frá öllum áhrifum um þetta mál.“ Félagið leggst gegn ákvörðunarvaldi menntamálaráðherra og telur að ákvæðið um 40 ára aldurstakmark sé „[hlægileg] vitleysa“. Einnig er það gagnrýnt að setja eigi efnahagslegar aðstæður listamanna sem viðmiðun við úthlutunina þegar höfuðatriðið ætti að vera framlag einstaklingsins til listarinnar. Listamaðurinn er „gerður að gustukaskepnu og úthlutunin að góðgerðarstofnun.“<sup>97</sup> Ljóst er að mikil óvild ríkti milli rithöfundafélaganna tveggja og ósamkomulag um listamannalaunin, sem sennilega gróf undan málstað beggja. Enda fór fyrir frumvarpi Helga Hjörvars eins og öðrum þeim sem flutt höfðu verið um launafyrirkomulagið og það fékk ekki afgreiðslu. Gunnar lagði frumvarpið fram aftur vorið 1958 í lítt breyttri mynd, með sömu niðurstöðu.<sup>98</sup> Alþingi hafði augljóslega lítinn áhuga á að breyta úthlutun listamannalauna, en rót vandamálsins má að miklu leyti rekja til listamannanna sjálfra. Bæði Magnús, með áherslu sína á hina pólitísku úthlutun, og Gylfi, sem leitaðist eftir sátt gegnum hina þingkjörnu nefnd, áttu sér skjólstæðinga meðal listamanna.

---

<sup>97</sup> Sigurjón Jónsson, „Listamannalaunin“, bls. 173-179.

<sup>98</sup> *Alþingistiðindi* 1957 A2, bls. 829-831.

## 5. Samstaða og sundurlyndi meðal listamanna

Spyrja má hversu vel samtök listamanna voru í stakk búin til að þrýsta á um breytingar sér til hagsbóta. Árið 1954 skrifar ritstjóri tímaritsins *Birtings*, Einar Bragi Sigurðsson, í eigið blað og gerir Bandalag íslenskra listamanna að umtalsefni:

Auðvitað stæði Bandalagi íslenskra listamanna næst að hefja öfluga baráttu á breiðum stéttargrundvelli fyrir viðhlítandi lífskjörum félaga sinna. En Bandalagið er værukær stofnun, farin að eiga virðuleg afmæli. Því veitti sannarlega ekki af að bregða sér til Sviss og láta hreinsa í sér blóðið.<sup>99</sup>

Nokkuð hafði fjarað undan samtökunum frá stofnun þeirra 1928. Eins og áður kom fram höfðu samtök rithöfunda klofnað í tvær fylkingar 1945, Rithöfundafélag Íslands og Félag íslenskra rithöfunda. Samkvæmt reglum Bandalagsins gat aðeins eitt félag í hverri listgrein verið félagi á hverjum tíma. Þar með var Félag íslenskra rithöfunda útilokað frá inngöngu. Árið 1957 voru til staðar þrjú félög myndlistarmanna en reglum samkvæmt aðeins eitt í Bandalaginu, auk þess sem nokkrir atkvæðamiklir listamenn á borð við Gunnar Gunnarsson, Pál Ísólffsson og Gunnlaug Scheving stóðu utan allra samtaka. Að mati Guðmundar G. Hagalín hafði „[starfsemi] Bandalagsins ... verið frekar skrykkjótt og veigalítil og starf félaganna flestra mjög dauf. [sic]“. Hann taldi að innan sem utan Bandalagsins hefði skort á framtakssemi í stéttabaráttu listamanna.<sup>100</sup> „Á Íslandi er engin stofnun, er gætir hagsmuna ísl. listamanna á svipaðan hátt og Bildende kunstneres Styre gætir hagsmuna norskra listamanna í Noregi“ svarar menntamálaráðuneytið árið 1956 beiðni sendiráðsins í Osló um upplýsingar um félög listamanna hérlendis.<sup>101</sup> Eftir því sem dæma má af bréfi Bandalagsins til utanríkisráðuneytisins frá árinu 1953 var þá þónokkur metnaður fyrir því að efla sambandið og starfsemi þess eftir erlendri fyrirmynd. Þar er óskað eftir upplýsingum um starfsemi félaga listamanna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, t.a.m. um fjölda félaga í hverri grein og hvort þar tíðkist skipting milli hagsmunasamtaka listamanna og félaga „til eflingar listum og listrænnar samvinnu“.<sup>102</sup> Árið 1956 horfði til betri vegar meðal samtaka rithöfunda þegar Rithöfundafélag Íslands og Félag íslenskra rithöfunda unnu sameiginlega að stofnun Rithöfundasjóðs ríkisútvarpsins. Sjóðurinn varð til upp úr viðræðum milli rithöfundafélaganna og útvarpsins varðandi greiðslur fyrir notkun skáldaðs efnis í útvarpi. Úr

<sup>99</sup> E.B., „Hver styrkir hvern?“, bls. 58.

<sup>100</sup> Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin* LXIII (1957) tbl. 1, bls. 4-5.

<sup>101</sup> Þí. Utanríkisráðuneytið 1997 B/11. 14. 1953-1960 Bandalag íslenskra listamanna. *Bréf utanríkisráðuneytis til Sendiráðs Íslands í Osló, 24. okt. 1956*. Bildende kunstneres styre var félag norskra myndlistarmanna.

<sup>102</sup> Þí. Utanríkisráðuneytið 1997 B/11. 14. 1953-1960 Bandalag íslenskra listamanna. *Bréf frá Páli Ísólffssyni og Helga Hjörvar til utanríkisráðuneytisins, 30. júlí 1953*.

varð að þessir peningar yrðu lagðir í styrktarsjóð fyrir íslenska rithöfunda. Í stjórn sjóðsins voru tveir fulltrúar ríkisútvarps og einn frá hvorum rithöfundasamtökunum.<sup>103</sup> Á aðalfundi Bandalags íslenskra listamanna þann 18. febrúar 1957 var reglum Bandalags íslenskra listamanna með tilliti til aðildarskilmála breytt. Þó að enn gildi sú regla að hver listgrein mætti aðeins eiga einn fulltrúa í Bandalaginu, var opnað fyrir þann möguleika að ólík félög greinanna mynduðu með sér samband og eignuðust þannig sameiginlegan fulltrúa.<sup>104</sup> Rithöfundafélögin tvö kusu í nefnd sem falið var að gera tillögur um lög að rithöfundasambandi sem síðan voru lagðar fyrir bæði félögin.<sup>105</sup> Þau voru samþykkt af báðum aðilum og Rithöfundasamband Íslands var stofnað árið 1957.<sup>106</sup> Það átti eftir að beita sér mikið í kjarabaráttu listamanna á næstu árum.

Meðal myndlistarmanna, annars stærsta hóps listamanna, virðist heldur ekki hafa ríkt gott samkomulag. Ágreiningur meðal þeirra mun frekar hafa verið sprottinn af listrænum en pólitískum ágreiningi, og lítil þolinmæði verið fyrir ólíkt þenkjandi listamönnum.<sup>107</sup> T.a.m. stofnuðu þeir listamenn sem voru andvígir abstraktlist sérstakt félag með sér, Myndlistarfélagið, árið 1961.<sup>108</sup> Félag íslenskra myndlistarmanna virðist hafa verið í forystuhlutverki. Stýrr skapaðist árið 1955 um þátttöku Íslendinga í sýningu á norrænni list í Róm. Nýja myndlistarfélagið kvartaði yfir því í blöðunum að elsta félagið, Félag íslenskra myndlistarmanna, ætlaði sér eitt að skipuleggja sýninguna, þvert á samþykktir Alþingis um að félögin þrjú ættu öll þar hlut að máli.<sup>109</sup> Málalyktir urðu þær að menntamálaráðuneytið lýsti því yfir að sýningin væri ekki af Íslands hálfu, heldur aðeins Félags íslenskra listamanna.<sup>110</sup> Ekkert varð úr stofnun sambands myndlistarmanna á 7. áratugnum og Félag íslenskra myndlistarmanna var áfram eitt um aðild að Bandalagi íslenskra listamanna.

Samstarfsvettvangur hinna ólíku listfélaga og greina skapaðist í október 1956, en þá skipaði Gylfi Þ. Gíslason, nú mennta- og iðnaðarmálaráðherra, nefnd til að semja frumvarp um listamannalaun. Helgi Sæmundsson ritstjóri var skipaður formaður. Auk hans voru skipaðir

<sup>103</sup> Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin* LXIII (1957) tbl. 1, bls. 1-5.

<sup>104</sup> *Félagaskrá*, bls. 7.

<sup>105</sup> Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin* LXIII (1957) tbl. 1, bls. 5.

<sup>106</sup> „Rithöfundasamband Íslands endanlega stofnað fyrir nokkru“, *Alþýðublaðið* 29. okt. 1957, bls. 8.

<sup>107</sup> Ingólfur Kristjánsson, „Hringsjá“, bls. 102-103. Gísli Sigurðsson, „Ekki er víst að góð mynd sé fögur“, *Lesbók Morgunblaðsins* 7. apríl 1968, bls. 9.

<sup>108</sup> „Harðar deilur meðal myndlistarmanna“, *Tíminn* 30. sept. 1961, bls. 1-2.

<sup>109</sup> Ásgrímur Jónsson o.fl., „Myndlistarsýningin í Róm“, *Alþýðublaðið* 15. jan. 1955, bls. 7.

<sup>110</sup> „Menntamálaráðuneytið úrskurðar að myndir FÍM séu ekki sýning af Íslands hálfu“, *Tíminn* 18. feb. 1955, bls. 8.

Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, Gunnlaugur Ó. Scheving listmálari, tónskáldin Jón Leifs og Páll Ísólfsson, Snorri Hjartarson skáld, Þorsteinn Hannesson óperusöngvari, Ævar R. Kvaran leikari og Steingrímur J. Þorsteinsson, prófessor í nútímabókmenntum.<sup>111</sup> Meðlimir Listalaunanevndarinnar<sup>112</sup> lýstu því yfir strax á fyrsta fundi „að þeir teldu sig skipaða í nefndina sem einstaklinga en ekki sem fulltrúa listgreina eða stéttarfélaga.“<sup>113</sup> Stefnan var þannig tekin á að ná sameiningu um heildarhagsmuni listamannastéttarinnar. Gylfi Þ. Gíslason var viðstaddur á þriðja fundi nefndarinnar og talaði þar fyrir gamalkunnugri hugmynd sinni um listaráð.<sup>114</sup> Vel virðist hafa verið tekið í þá hugmynd meðal listamanna því ráðið er til staðar í lokatillögum nefndarinnar.<sup>115</sup> Nefndarmenn voru sammála um að einungis skyldi tekið tillit til „skynsamlegs mats á listrænum störfum listamannsins og gildi þeirra fyrir listþróun og menningarlíf með þjóðinni“<sup>116</sup> við úthlutun launanna og hafna þar með ákvæðum á borð við þau fjárhagslegu í frumvarpi Helga Hjörvars. Flestir voru á einu máli um að aðrir aðilar en sameinað Alþingi ættu að skipa úthlutunarnefnd listamannalauna.<sup>117</sup> Áhugaverðust er hugmynd Jóns Leifs og Páls Ísólfsóssonar um að framlagi ríkisins til lista skyldi skipt niður eftir listgreinum. Aðrir nefndarmenn voru á einu máli um að þetta væri ekki heppilegt fyrirkomulag.<sup>118</sup> Hér kann að spila inn í að tónlistarmenn höfðu almennt borið fremur skarðan hlut frá borði í úthlutun launanna miðað við rithöfunda og myndlistarmenn.<sup>119</sup> Því vildu fulltrúar þeirra innan ráðsins, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar, eflaust með þessum hætti tryggja betur sína stöðu. Þegar illa var tekið í þetta stakk Jón upp á „að listamannalaunin færu eingöngu til rithöfunda, en að á öðrum vettvangi yrðu fundin ráð til að styðja tónlist og myndlist.“<sup>120</sup> Jón sá fyrir sér að nefndirnar yrðu skipaðar sérfræðingum hverjum á sínu sviði. Sá hópur sem var skipaður til að meta tillögu Jóns var hins vegar andvígur á þeim grundvelli að þetta væri „ekki framkvæmanlegt, eins og nú er háttað í

<sup>111</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 664.

<sup>112</sup> Svo var hún nefnd í fundagerðarbók hópsins og orðið er því notað hér til aðgreiningar frá öðrum nefndum.

<sup>113</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Fundargerðir listalaunanevndar*, fundargerð frá 2. okt.

<sup>114</sup> Sama heimild, fundargerð frá 4. nóv.

<sup>115</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 665.

<sup>116</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 669.

<sup>117</sup> Ýmist var stungið upp á því að listaráð sæi um úthlutunina eða að hin ýmsu félög tilnefndu hvert sinn/sína meðlimi, svo sem Bandalag íslenskra listamanna, menntamálaráð og heimspekideild Háskólans. (Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Fundargerðir listalaunanevndar*, fundargerð frá 18. nóv).

<sup>118</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Fundargerðir listalaunanevndar*, fundargerð frá 8. nóv.

<sup>119</sup> Á árabílinu 1951-1956 hlutu tónlistarmenn að meðaltali 9,9% af úthlutunarfénu. 50,9% féllu í skaut skálda og 35% fóru til myndlistarmanna. Að meðaltali þáðu 14 tónlistarmenn laun árlega en 48 skáld og 34 myndlistarmenn. Leikarar hlutu að meðaltali aðeins 4,2% og launþegar í þeirra hópi voru að meðaltali 8 (*Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 668).

<sup>120</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Fundargerðir listalaunanevndar*, fundargerð frá 11. nóv.

sérfræði í listum hér á landi“.<sup>121</sup> Hér töluðu listamenn sjálfir af praktískum ástæðum gegn stofnun sérstakra úthlutunarnefnda fyrir hverja listgrein í líkingu við þær sem á næstu árum áttu eftir að ryðja sér til rúms á Norðurlöndunum.<sup>122</sup>

Frumvarp Listalaunanevndarinnar<sup>123</sup> var ekki byltingarkennt plagg, það var í raun lítið annað en ný samsetning á eldri hugmyndum.<sup>124</sup> Listalaunanevndin hafði verið vettvangur fyrir fulltrúa hinna ólíku listgreina og félaga til að móta sér sameiginlega stefnu og koma með eigin hugmyndir en útkoman reyndist nokkurn veginn í takt við það sem áður hafði verið lagt fram á þingi. Það má því álykta að meginágreiningurinn milli þingmanna og listamanna hafi ekki legið fyrst og fremst í fyrirkomulagi launaúthlutunarinnar. Gylfi Þ. Gíslason skýrði frá því í flutningsræðu sinni á þingi að enn hefðu komið fram óánægjuraddir meðal listamanna og að frumvarpið hefði í því ljósi verið endurskoðað af menntamálaráðuneyti. Gagnrýnin mun einkum hafa verið falin í því að samkvæmt tillögum Listalaunanevndarinnar væri launþegum fækkað lögbundið úr um 100 niður í um 60. Því eru í lokaútgáfu frumvarpsins engin ákvæði um fjölda launþega í öðrum en heiðurslaunaflokki.<sup>125</sup> Bandalag íslenskra listamanna lýsti sig í meginatriðum samþykkt lokafrumvarpinu.<sup>126</sup> Hér hafði því náðst nokkuð góð samstaða meðal listamanna um fyrirkomulag. Þarna sýndi sig þó að í raun var ekki hægt að koma til móts við óskir listamanna án þess að hækka fjárframlög ríkisins til lista. Listalaunanevndin hafði fækkað launþegum til þess að þau hefðu raunverulegt notagildi fyrir þá sem launin þæðu, en telja má að listheimurinn hafi verið orðinn of stór á síðari hluta 6. áratugarins til þess að almenn sátt gæti myndast um þennan ráðahag.

---

<sup>121</sup> Sama heimild, fundargerðir frá 9. des. og 19. des.

<sup>122</sup> Einhver áhugi hefur verið fyrir því hvernig listamannalaunum væri háttáð í öðrum löndum. Helgi Sæmundsson sendi þann 5. nóvember bréf til menntamálaráðuneytisins þar sem óskað var eftir að ráðuneytið setti sig í samband við sendiráð Íslands í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi til að kanna hvernig úthlutun listamannalauna færi fram í þessum löndum (*Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, Bréf frá Helga Sæmundssyni til menntamálaráðuneytisins, 5. nóv. 1956*). Svörin fóru ekki að berast fyrr en undir lok nefndarstarfanna, og ekki er að sjá á fundargerðum að alþjóðleg skipan þessara mála hafi verið rædd (*Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619, Bréf frá menntamálaráðuneyti til Helga Sæmundssonar, 17. jan. 1957, 21. jan. 1957, 5. feb. 1957*).

<sup>123</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 665-666.

<sup>124</sup> Launaflokkum er fækkað niður í þrjá þar sem heiðurslaun fylla fyrsta flokk, 12 listamenn á föstum launum hljóta þau og mynda listaráð. Úthlutun annars og þriðja flokks fer fram árlega í nefnd þar sem menntamálaráðherra skipar formanninn og fjóra aðra samkvæmt tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listaráðs og Bandalags íslenskra listamanna. Jafnframt er farið fram á að launin séu skattfrjáls og framlög til lista aukin, með skírskotun til hlutfallslegrar lækkunar síðustu áratugi.

<sup>125</sup> *Alþingistíðindi* 1958 C, d. 121-123.

<sup>126</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 672.

Að sögn Gylfa Þ. Gíslasonar var ríkisstjórn Hermanns Jónassonar „eða sá [þingmeirihluti], sem að baki henni stóð, ekki ... reiðubúin til að flytja [frumvarpið]“.<sup>127</sup> Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu þingsins þegar það var loks lagt fram vorið 1959.<sup>128</sup> Gylfi lagði frumvarpið aftur fram í október 1960.<sup>129</sup> Að vanda létu viðbrögð á þingi á sér standa en Rithöfundasamband Íslands sendi menntamálaráðherra bréf til að láta í ljós skoðun sína á frumvarpinu. Þar er því haldið fram að frumvarp Listalaunaneftdar „[muni nú] ... eiga sér enn færri formælendur í hópi listamanna en áður“ og að „[færri muni] nú fylgjandi ákvæðinu um listráð, sem ekkert hlutverk virðist eiga og þykir lítt vænlegt til menningarbóta“. Einnig kemur fram að miklar efasemdir séu meðal listamanna um það úthlutunarkerfi sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.<sup>130</sup> Sambandið sendi því eigin tillögur að lagasetningu. Fulltrúar Rithöfundasambandsins fóru á fund Gylfa til þess að ræða málið og því er mögulegt að hans ráðleggingar hafi haft einhver áhrif á tillögurnar. Róttækustu nýmælin í tillögunumeru þau að fimm manna þingkjörin nefnd fær úthlutunarvaldið á listamannalaunum og fær einnig völd yfir heiðurslaununum, þó nefndin eigi að „hafa samráð við sérfróða menn í hverri listgrein.“<sup>131</sup> Allar aðrar tillögur til laga fram að þessu höfðu, ef ekki talað fyrir beinni íhlutun listamanna, a.m.k. kveðið sterkar að orði um áhrifavald þeirra. Telja má að hendur úthlutunarneftdar hefðu verið lítt bundnar af hinu óljósa ákvæði um „samráð við sérfróða menn“ hefði frumvarpið gengið í gegn. En stjórn RÍ gat ekki bent á neinn aðila sem gæti rækt þetta starf af hendi sem talsmaður allra listamanna. Stjórnin útskýrði mál sitt frekar:

Stjórn R.Í. vill enn taka fram, að hún stillir ekki óskum listamanna svo í hof að þessu sinni, sem raun ber vitni í frumvarpinu, af því að hún telji þar farið nærri sanni um þarfir listamanna, eða þar sé um að ræða upphæð, sem sé í réttu hlutfalli við gildi íslenzkrar listar fyrir þjóðina, heldur í trausti þess, að það, sem fram á er farið nú, fáiast á þessu þingi, svo að ríkisstjórn og Alþingi sýni þó nokkurn vilja til úrbóta ...<sup>132</sup>

Hér var um málamiðlun að ræða, kröfunum var stillt í hof í von um að tillögurnar kæmust gegnum þingið. Þó að Rithöfundasambandið taki skýrt fram að það tali ekki fyrir munn allra

<sup>127</sup> *Alþingistíðindi* 1966 B, d. 1055.

<sup>128</sup> *Alþingistíðindi* 1958 A2, bls. 663-672.

<sup>129</sup> *Alþingistíðindi* 1960 A1, bls. 207-216.

<sup>130</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra, ódagsett.*

<sup>131</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, „*Frumvarp til laga um listamannalaun*“ frá Rithöfundasambandi Íslands.

<sup>132</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, „*Frumvarp til laga um listamannalaun*“ frá Rithöfundasambandi Íslands.

listamanna<sup>133</sup> virðast annaðhvort önnur listamannafélög ekki hafa tjáð sig um málið eða Rithöfundasambandið einfaldlega verið áhrifamest. Í öllu falli lagði Gylfi fram breytingartillögu 20. mars 1961 sem var í flestum atriðum í samræmi við tillögur Rithöfundasambandsins,<sup>134</sup> en þó ekki í þeim veigamiklu atriðum sem sneru að upphæð launanna. Þriðja grein Rithöfundasambandsins um að það fé sem Alþingi veitti listamönnum „[skyldi] hækka um 300 þús. krónur árlega næstu fimm árin“ og að „[launþegum skyldi] fjölga og launagreiðslur í úthlutunarflokkum [skyldu] hækka árlega í samræmi við þessa heildarhækkun“ fékk að fjúka ásamt ákvæði um skattfrelsi launanna.<sup>135</sup> Gylfi hefur þannig talið að Alþingi yrði ekki tilbúið að auka við framlög sín til listamanna. Þessar breytingar dugðu þó ekki til að koma frumvarpinu í gegnum þingið. Svo virðist sem ósætti meðal listamanna hafi verið með þeim hætti að þeir treystu sér ekki til að bendla sig við úthlutun launanna. Mun meiri áhersla var lögð á aukin fjárframlög til listamanna. Þau var þingið enn ekki tilbúið að veita. Þetta er sennilega lykilatriði í því hvers vegna málið dagaði sífellt uppi í nefndum.<sup>136</sup>

---

<sup>133</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra, ódagsett*.

<sup>134</sup> *Alþingistíðindi* 1960 A2, bls. 1174.

<sup>135</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, „*Frumvarp til laga um listamannalaun*“ frá Rithöfundasambandi Íslands.

<sup>136</sup> Gylfi lagði drög að enn einu frumvarpi um listamannalaunin en hann taldi að stuðningur við það frumvarp væri ekki nægur meðal listamanna til þess að leggja það fram, þó að ríkisstjórnin væri tilbúin til að flytja frumvarpið (*Alþingistíðindi* 1966 B, d. 1055-1056. „Morgunblaðið spyr menntamálaráðherra um akademíu og hækkun listamannalauna“, *Morgunblaðið* 29. jan. 1966, bls. 23). Í bréfi til Bandalags íslenskra listamanna lýsir Tónskáldafélag Íslands skoðun sinni á frumvarpi sem Bandalagið mun hafa sent til þeirra í desember 1961. Tónskáldafélagið talar fyrir því að sérfræðingur frá hverju aðildarfélagi Bandalagsins eigi sæti í úthlutunarnefnd. Að sama skapi er bent á að jafna laun allra í heiðursflokki með tilvísun í finnska löggjöf um „Finlands Akademi“ (Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Afrit af bréfi Tónskáldafélags Íslands til forseta Bandalags íslenskra listamanna, 9. jan 1962*).

## 6. Nýtt kerfi á hinum Norðurlöndunum og löggjöf á Íslandi árið 1967

Á 7. áratugnum lögðu Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland grunninn að því úthlutunarkerfi listamannalauna sem haldist hefur í meginatriðum til dagsins í dag í þessum löndum. Á þessum árum voru menning og listir tekin inn fyrir ramma norræna velferðarkerfisins. Í Svíþjóð, sem ekki hafði mótað sér neina stefnu í úthlutuninni fram að þessu, voru breytingarnar drifnar áfram af þrýstihópi sænskra listamanna. Lögð var áhersla á að auka skyldi atvinnumöguleika þeirra, að listamenn fengju sanngjörn laun fyrir störf sín og að þeim stæðu til boða starfsstyrkir, allt með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa af list sinni. Árið 1959 lagði svo sænskur ráðherra, sem ábyrgur var fyrir menningarmálum, línuna þegar hann lýsti því yfir að það væri ekki hlutverk ríkisins að segja listamönnum fyrir verkum, heldur að skapa góðar aðstæður til listsköpunar. Árið 1961 voru útgjöld til lista augin í fyrstu opinberu listmenningarstefnu stjórnvalda (e. *arts policy program*) og tveimur árum síðar var komið á nýju úthlutunarkerfi. Í Noregi var horfið frá listamannalaunum (sjá skilgreiningu í inngangi) árið 1963 og nýtt kerfi starfsstyrkja, sem oft voru veittir til þriggja ára, kynnt til sögunnar. Hér varð ákveðin stefnubreyting, í stað þess að launin væru hugsuð sem umbun fyrir vel unnin verk var tilgangur þeirra nú álitinn sá að styðja við listsköpunina.<sup>137</sup> Í Noregi, rétt eins og í Svíþjóð, var hvatinn að breytingunum að miklu leyti óánægja listamannasamtaka með ríkjandi fyrirkomulag. Ekki þótti viðeigandi að þingmenn hefðu ákvörðunarvaldið auk þess sem launakerfið þótti hygla eldri listamönnum á kostnað hinna yngri.<sup>138</sup> Sérstakt menningarmálaráðuneyti var stofnað í Danmörku árið 1961 og fjármagn til lista aukið verulega. Árið 1964 voru þær tvær ríkisstofnanir sem áður höfðu haft afskipti af listum sameinaðar í *Statens kunstfond* og laun til listamanna féllu innan verksviðs þeirrar stofnunar. Í Finnlandi voru listamannalaun ákvörðuð á fjárlögum ríkisins fram til 1967. Þá voru sett lög sem kváðu á um sérstakar nefndir sem hver úthlutaði launum til ákveðins flokks listamanna. Lög um starfsstyrki af ýmsu tagi voru sett 1969. Sameiginleg hugsun að baki öllum þessum kerfum var sú að ríkið ætti að styrkja það sem almennt hafði verið skilgreint sem hámenning, styrkir fóru þannig mest til rithöfunda, myndlistarmanna og tónskálda. Þannig átti að mynda mótvægi við dægurmenninguna (e. *mass culture*) sem var almennt talin skaðleg. Svo notuð séu orð Peters Duelund, þá óttuðust stjórnámálmenn og menningarforkólfar að „útvíkkun hins markaðsvædda menningargeira, í gegnum sjónvarp, plötur, myndbönd o.s.frv., myndi heltaka hugmyndaflug almennings og takmarka

<sup>137</sup> Merja Heikkinen, *The Nordic Model for Supporting Artists*, bls. 71, 101-102 og 128-129.

<sup>138</sup> Hans Fredrik Dahl og Tore Helseth, *To knurrende løver*, bls. 218.



menningarlega tjáningu og menningarlega fjölbreytni.<sup>139</sup> Umbæturnar byggðust því að miklu leyti á forsjárhyggju stjórnvalda. Styrkjum til listafólks var úthlutað af nefndum sérfræðinga í hverri listgrein. Félög listamanna áttu iðulega ríkan þátt í vali í nefndirnar og úthlutun fór oft fram í samvinnu við þau. Þannig átti seilingarfjarlægðarlögmálið að sjá til þess að verk listamanna yrðu aðeins dæmd á faglegum forsendum.<sup>140</sup>

Þessar hugmyndir um úthlutun listamannalauna gerðu vart við sig á Alþingi þegar árið 1960 í frumvarpi<sup>141</sup> sem Karl Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokks, lagði fyrir þingið. Frumvarpið virðist hafa verið einstaklingsframtak þar sem Karl talar hvergi um viðræður við félög listamanna. Í umræðum gefur hann þó aðeins lauslega í skyn að frumvarpið byggist á erlendri fyrirmynd.<sup>142</sup> Vera má að Karl hafi þegið hugmyndirnar frá Jóni Leifs, eða fylgst vel með í norrænni menningarpólitík. Á Íslandi fylgdust menn með breytingum á hinum Norðurlöndunum, t.d. var leikhúsfólk í nánú sambandi við kollega sína á Norðurlöndum.<sup>143</sup> Í flutningsræðu sinni leggur Karl áherslu á að fagleg þekking verði að búa að baki ákvörðunum úthlutunarnefndar.<sup>144</sup> Hann lagði því til að stofnaður yrði sérstakur Listlaunasjóður til þess að úthluta því fé sem Alþingi ákvarðar listamönnum á fjárlögum. Alþingi skiptir upphæðinni upp milli fjögurra flokka, skálda og rithöfunda, myndlistarmanna, tónlistarmanna og leiklistarmanna. Laununum úthluta svo nefndir, sérskipaðar fyrir hvern flokk, þar sem menntamálaráðherra skipar formanninn en samtök listamanna í hverri grein skipa aðra nefndarmeðlimi. Tillögurnar eru nokkurn veginn í samræmi við arkitektamódelið þar sem listamenn eiga fleiri fulltrúa en ríkisvaldið í nefndunum,<sup>145</sup> þrátt fyrir að ríkisfulltrúinn sé í forsvari fyrir hverri nefnd. Tillagan varð ekki útrædd. Karl lagði frumvarp sitt aftur fram án mikilla breytinga í janúar 1966.<sup>146</sup> Frumvarp sem Gils Guðmundsson, þingmaður Alþýðubandalags, lagði fram skömmu síðar<sup>147</sup> byggir að miklu leyti á tillögum Karls um

---

<sup>139</sup> Peter Duelund, „The Nordic Cultural Model“, bls. 487, „that the expansion of the commercial cultural sector, using television, records, video etc., would colonise the imagination of the general public and limit cultural expression and cultural diversity.“

<sup>140</sup> Merja Heikkinen, *The Nordic Model for Supporting Artists*, bls. 15, 42-43 og 128-129.

<sup>141</sup> *Alþingistíðindi* 1960 A1, bls. 562-565.

<sup>142</sup> Karl taldi að yrði Listasjóði komið á fót myndu einstaklingar leggja fram framlög til sjóðsins. Hann sagði: „Reynslan um örlæti ríkra manna erlendis með stofnun sjóða til eflingar listum styður þessa skoðun.“ (*Alþingistíðindi* 1960 C, d. 890).

<sup>143</sup> *Viðtal*. Höfundur við Svein Einarsson.

<sup>144</sup> *Alþingistíðindi* 1960 C, d. 888-894.

<sup>145</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík*, bls. 61-62.

<sup>146</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 830-833.

<sup>147</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 844-849.

Listasjóð<sup>148</sup> en Gils stakk jafnframt upp á að komið væri á sérstökum starfsstyrkjum. Hugmyndin var að allt að helmingur þess fjár sem Listasjóði væri ætlað á fjárlögum færi í þessa styrki.<sup>149</sup> Þeir áttu yfirleitt að vera til tveggja ára og allt upp í þrjú ár. Gils bendir í þessu samhengi á að starfsstyrkjakerfi í Noregi og á Bretlandi hafi gefið góða raun.<sup>150</sup> Hugmyndir beggja þessara þingmanna eru því í samræmi við hið nýja norræna módel.

Leitað var álits á frumvarpi Karls Kristjánssonar hjá Bandalagi íslenskra listamanna og Myndlistarfélaginu, sem stóð utan bandalagsins. Myndlistarfélagið lýsti sig fylgjandi frumvarpinu en ekkert svar barst frá Bandalaginu.<sup>151</sup> Ástæðan er líklega sú að Alþingi hafði samþykkt þingsályktunartillögu um að „ríkisstjórnin ... [skyldi] láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna.“ Þar var jafnframt tekið fram að Bandalag íslenskra listamanna skyldi haft með í ráðum við gerð tillaganna. Að baki þingsályktunartillögunni stóðu þingmenn úr öllum flokkum Alþingis. Í tillögu sinni tóku þeir fram að „[æskilegt] væri, að sérstakri stofnun væri fengið það verkefni að úthluta listamannalaunum“<sup>152</sup> í samræmi við innihald frumvarpanna tveggja. Hér sýndi þingið í fyrsta skipti raunverulegan vilja til að taka á þessu máli.

Hvers vegna hafði afstaða þingsins breyst? Gestur Guðmundsson segir í grein sinni „Cultural Policy in Iceland“ að tiltölulega gott samstarf meðal listamanna innan Bandalags íslenskra listamanna hafi verið meginforsenda þess að loks var sett löggjöf um launin árið 1967.<sup>153</sup> Helstu deilurnar höfðu, eins og áður segir, verið meðal rithöfunda og myndlistarmanna. Eftir stofnun Rithöfundasambandsins var komið í veg fyrir deilur um löggjöfina á borð við þær sem spruttu upp kringum tillögur Helga Hjörvars árið 1956. Af skjölum Menntamálaráðuneytisins um listamannalaunin að dæma var Rithöfundasambandið langöflugasta félagið í kjarabaráttu listamanna. Mikils sundurlyndis gætti þó enn meðal myndlistarmanna sem lítt koma við sögu í þessum sömu skjölum. Í áðurnefndri tölu Sigurðar Nordal á listahátíð Bandalagsins árið 1964 leit hann yfir farinn veg í afskiptum ríkisvaldsins af listum. Þar rakti hann varhug listamanna við að fá úthlutun listamannalauna í eigin hendur

---

<sup>148</sup> Hugmynd Karls um fjórar úthlutunarnefndir er þó gefin upp á bátinn, og í stað þess stungið upp á að nefnd sé kjörin til nokkurra ára, skipuð bæði fulltrúum ríkisvalds og samtaka listamanna.

<sup>149</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 848.

<sup>150</sup> Gils Guðmundsson, „Listamannalaun og listasjóður“, bls. 43-44.

<sup>151</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 1625-1626.

<sup>152</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 1521. Flutningsmenn tillögunnar voru Sigurður Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, Benedikt Gröndal, þingmaður Alþýðuflokks, Þórarinn Þórarinsson, þingmaður Framsóknarflokks og Einar Olgeirsson, þingmaður Alþýðubandalagsins.

<sup>153</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 122.

til reynslunnar af slíku fyrirkomulagi á árunum 1943-1946. Af þessu varð ljóst „um hvað félagarnir höfðu getað orðið svo þryðilega sammála: frelsið til að vera ósammála“. Hann taldi að lærdómur Bandalags íslenskra listamanna af þessum leik hefði orðið til þess „að öll hugsun um *þing* [væri] nú úr sögunni ... og einungis [væri] efnt til *hátíðar*.“ Nú voru engin fundahöld eða ályktanagerðir á döfnni líkt og á listamannþinginu 1942. Aðeins sameiginleg uppskeruhátíð.<sup>154</sup> Helgi Sæmundsson vísar í blaðagrein 1961 í þessar deilur og telur að samtök listamanna „[muni] naumast enn gróin þeirra sára sinna.“<sup>155</sup> Listahátíðin 1964 var þó sennilega fyrsta víðtæka samstarf íslenskra listamanna síðan á listamannþingi ársins 1950. Öll sjö félög Bandalags íslenskra listamanna tóku þátt í undirbúningi hátíðarinnar.<sup>156</sup> Gylfi Þ. Gíslason veitti því sérstaka athygli í blaðagrein hve áberandi mynd-, tón- og leiklist voru miðað við þá áherslu sem vanalega hafði verið lögð á list orðsins. Taldi hann hátíðina líklega til að vekja menn til vitundar um grósku í íslensku listalífi.<sup>157</sup> Ofan á blómlegt listalíf bættust svo aukin framlög ríkisins til listamannalauna á fyrri hluta 7. áratugarins. Þau stóðu í 3 milljónum árið 1964 og höfðu þá meira en tvöfaldast frá 1960.<sup>158</sup> Vera má að þessi þróun hafi átt þátt í að fækka gagnrýnisröddum og svæfa listamannalaunadeiluna, sérstaklega í ljósi þess að listamenn höfðu fyrst og fremst gagnrýnt þá lágu fjárhæð sem fór til listamannalauna, og ekki sýnt mikinn vilja til að fá úthlutunina í eigin hendur. Í þá átt benda t.a.m. orð Ævars Kvaran leikara í Morgunblaðinu 6. júní 1963. Þar gengur hann til varnar Viðreisnarstjórninni og segir:

Ég hygg að að ekki sé hallað ódregilega á neinn þó ég leyfi mér að fullyrða, að ekki hafi listamenn átt meiri skilningi að mæta hjá neinni annarri ríkisstjórn en þeirri, sem nú er við völd. Hefur það verið lán ísl. listamanna, að þeir tveir ráðherrar, sem mest fjalla um mál þeirra, Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra og Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra, eru báðir sérstaklega listelskir menn og hafa því sýnt málefnum þeirra meiri skilning en áður hefur tíðkast.<sup>159</sup>

Kannski vakti Karl Kristjánsson á sinn hátt málið úr dái þegar hann kom því aftur á dagskrá á þingi árið 1966.<sup>160</sup> Aldrei var lýst yfir harðri andstöðu við listamannalaunin á Alþingi, raunar

<sup>154</sup> Sigurður Nordal, *List og lífsskoðun* III, bls. 284-286.

<sup>155</sup> Helgi Sæmundsson, „Of litlu skipt í of marga staði“, bls. 4.

<sup>156</sup> „Glæsileg listahátíð haldin í júnímánuði“, *Alþýðublaðið* 1. maí 1964, bls. 3.

<sup>157</sup> Gylfi Þ. Gíslason, „Að lokinni listahátíð“, *Alþýðublaðið* 20. júní 1964, bls. 5.

<sup>158</sup> „Listamannalaun fimmfaldast á tíu árum“, *Alþýðublaðið* 6. mars 1964, bls. 4.

<sup>159</sup> Ævar Kvaran, „Árangur viðreisnar er almenn velmegun. Stórauðinn stuðningur við listamenn“, *Morgunblaðið* 6. júní 1963, bls. 23-24.

<sup>160</sup> Þó hafði úthlutunarnefnd listamannalauna árið 1965 samþykkt ályktun til menntamálaráðherra, þar sem hvatt var til þess að ný löggjöf væri sett um úthlutun launanna sem fyrst og fjárveiting til þeirra aukin, auk þess

virðist sem nokkuð góð sátt hafi ríkt um þau í það minnsta frá fyrri hluta 6. áratugarins. Hin sameiginlega þingsályktunartillaga skýrist því sennilega frekar af vexti í menningarlífinu og aukinni samvinnu listamanna en flokkapólitík. Þar að auki kann að hafa spilað inn í að ljóst var orðið að listamenn vildu upp til hópa ekki taka á sig úthlutunina. Menn voru á þingi enn minnugir afleiðinga þess að hleypa valdinu í hendur listamannanna árið 1943.<sup>161</sup> Því má telja að þingmenn hafi ályktað sem svo að aðstæður hefðu skapast til að breyta fyrirkomulaginu án töluverðra mótmæla. Þar að auki höfðu framlög til listamanna þegar verið hækkuð á fjárlögum, einni helstu kröfu listamanna hafði að nokkru leyti verið svarað. Það skýrir að líkindum upp að vissu marki afstöðu bæði listamanna og þings til fyrstu löggjafarinnar. Úthlutun listamannalauna hélst áfram í þingkjörinni nefnd, ekki vegna menningarstjórnunar stjórnvalda, heldur vegna þess að þar lá vilji listamanna.<sup>162</sup>

Aðalinntak þeirra laga um listamannalaun sem sett voru 1967,<sup>163</sup> eftir frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar, var að koma fastari skipan á úthlutunina, sem þó var haldið með svipuðum hætti. Úthlutunarnefnd voru settar starfsreglur og hún skyldi nú kjörin út kjörtímabilið í stað til eins árs. Launaflokkar skyldu aðeins vera tveir. Hvert aðildarfélag innan Bandalags íslenskra listamanna hafði svo rétt til að tilnefna tvo fulltrúa til að vera nefndinni til ráðgjafar. Rithöfundafélagið setti sig upp á móti þessu ákvæði og taldi að ráðgjafarnefndin yrði „líkleg til að magna deilur og sundurþykki meðal listamanna.“<sup>164</sup> Sameinaðir fulltrúar aðildarfélaga Bandalagsins lýstu sig hins vegar í aðalatriðum samþykka frumvarpinu, en þó var lagt til að stofnað skyldi kerfi starfsstyrkja til að styðja listamenn.<sup>165</sup> Bandalagið hafði áður átt frumkvæðið að þessari hugmynd.<sup>166</sup> Það sama gerði Rithöfundasambandið í bréfi sínu til menntamálaráðherra.<sup>167</sup> Menntamálaráðherra varð við þessari ósk og í júní var skipuð nefnd

---

sem nefndin taldi ákjósanlegt að hún starfaði óbreytt lengur en til eins árs í senn (*Þí. Menntamálaráðuneytið B/620, Bréf úthlutunarnefndar listamannalauna til menntamálaráðherra, 25. jan. 1965*).

<sup>161</sup> *Alþingistíðindi* 1966 B, d. 1063-1064 og 1077.

<sup>162</sup> Gylfi Þ. Gíslason sagði í flutningsræðu um það frumvarp sem varð að lögum 1967: „Ég vil láta það koma skýrt fram, að listamennirnir hafa ekki óskað eftir því sjálfir að fá úthlutun listamannalaunanna í sínar hendur“ (*Alþingistíðindi* 1966 B. d. 1058).

<sup>163</sup> *Alþingistíðindi* 1966 A2, bls. 1037-1039.

<sup>164</sup> „Rithöfundafélag Íslands gagnrýnir frv. um listamannalaun“ *Þjóðviljinn* 19. mars 1967, bls. 2.

<sup>165</sup> *Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, Bréf frá Bandalagi íslenskra listamanna til menntamálaráðherra, 9. feb. 1967*.

<sup>166</sup> Gylfi Þ. Gíslason, „Starfsskilyrði listamanna“ *Alþýðublaðið* 15. apríl 1967, bls. 10.

<sup>167</sup> *Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, Bréf Rithöfundasambands Íslands til menntamálaráðherra, ódagsett*.

um starfsstyrkjakerfi.<sup>168</sup> Reglugerð var loks sett um starfslaun listamanna árið 1969, en þá var gert ráð fyrir að styrkirnir gætu í hæsta lagi verið veittir til eins árs.<sup>169</sup>

---

<sup>168</sup> Þí. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620, *Frétt frá menntamálaráðuneyti, 9. júní 1967.*

<sup>169</sup> *Stjórnartíðindi* 1969 B-C, bls. 307-308.

## 7. Nýtt kerfi í anda norrænu menningarstefnunnar

Eftir breytingarnar sem komu fram á síðari hluta 7. áratugarins var engin veruleg breyting gerð á fyrirkomulagi úthlutunarinnar í rúma tvo áratugi. Á 8. og 9. áratugnum jukust framlög ríkisins til lista en fjármunum var frekar beint til menningarstofnana en einstakra listamanna. Mjög regluleg ráðherraskipti gerðu það að verkum að umbætur á sviði menningar létu á sér standa.<sup>170</sup> Það var ekki fyrr en 1991, þegar Alþingi samþykkti loks ný lög sem gjörbreyttu fyrra skipulagi,<sup>171</sup> sem úthlutun listamannalauna sem og fyrirkomulagi starfsstyrkja var gjörbreytt. Meðal listamanna voru það fyrst og fremst rithöfundar sem höfðu hagnast á auknum framlögum ríkisins til menningarmála. Um 15 rithöfundar hlutu laun sem samsvöruðu um 60 mánaðarlaunum árlega á fyrri hluta 7. áratugarins. Mánaðarlaunin voru orðin 475 árið 1990. Árið 1975 hafði verið stofnaður sérstakur *Launasjóður rithöfunda*, en þar fór úthlutun launa til listamanna í fyrsta skipti fram samkvæmt seilingarfjarlægðarlögmálinu. Hálf eða full mánaðarlaun féllu í skaut æ fleiri rithöfunda á 9. áratugnum.<sup>172</sup> Aðrar listgreinar stóðu ekki jafn vel. Myndlistarmenn voru einna verst settir. Þeir þurftu að kaupa efniviðinn til listsköpunar sinnar en höfðu að sama skapi ekki jafna möguleika á við t.d. rithöfunda að koma þeim í verð.<sup>173</sup> Þó hafði verið stofnaður einkonar starfslaunasjóður fyrir myndlistarmenn árið 1986.<sup>174</sup> Árið 1989 var einungis um fjórðungur meðlima í Félagi íslenskra leikara í fastráðinni vinnu. Leikhúsfólk bjó því ekki við gott starfsöryggi.<sup>175</sup> Þórhildur Þorleifsdóttir, þingmaður Kvinnalistsans, lagði í tvígang fram frumvarp til stofnunar starfslaunasjóðs fyrir leikhúsfólk án árangurs. Tónsmiðir unnu verk sín í frítíma eða eftir þöntun. Tónskáldafélag Íslands hafði lengi talað fyrir því að stofnaður yrði sérstakur sjóður fyrir tónskáld.<sup>176</sup>

Þessi misskipting átti að líkindum að miklu leyti rætur í rótgrónum hugmyndum um íslenska menningu, eða því sem hefur verið kallað *þjóðernisleg menningarskilgreining*. Bjarki

<sup>170</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 122-124.

<sup>171</sup> *Alþingistíðindi* 1990-91 A3, bls. 1667-1671.

<sup>172</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 124 og 133.

<sup>173</sup> *Viðtöl*. Höfundur við Svein Einarsson. Höfundur við Guðnýju Magnúsdóttur.

<sup>174</sup> Í lögum um listmunauppböð segir að ekki skuli leggja söluskatt á „málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það í starfslaunasjóð myndlistarmanna“ (*Alþingistíðindi* 1986-87 A2, bls. 1615-1617).

<sup>175</sup> *Alþingistíðindi* 1988-89 B4, d. 5752.

<sup>176</sup> *Alþingistíðindi* 1990-91 A3, bls. 1669. Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“ *The Nordic Cultural Model*, bls. 128.

Valtýsson bendir á að hún hafi ávallt mótað menningarstefnuna hérlendis.<sup>177</sup> „Þjóðin á líf sitt og tilveru að þakka bókmenntum sínum, án þeirra væri hér engin íslensk þjóð og engin íslensk tunga“ segir Kristmann Guðmundsson rithöfundur árið 1964 og leiðir af því að „þá menn, sem skapa henni [þjóðinni] hlutgengi meðal menningarþjóða heimsins ætti ekki að svívirða með betlistyrkjum“.<sup>178</sup> Kristmann talar fyrir bókmenntum sem sameiningaraflí þjóðarinnar, sem helsta sameiginlega einkenni hennar.<sup>179</sup> Það er einkum hér sem nýtt fyrirkomulag ársins 1991 veldur straumhvörfum, með tilliti til afstöðu ríkisins til lista. Fyrir nýju löggjöfina hafði menningarstefna ríkisins í reynd aðeins falist í fjárlögum, hvert peningum var veitt og í hve háum upphæðum. En á 9. áratugnum þótti ekki lengur skorta á sérfræði í listum á Íslandi, líkt og Listalaunanefndin hafði talið á 6. áratugnum. Það hafði lengi verið rætt meðal listamanna og samtaka þeirra að koma þyrfti á stofn sérsjóðum fyrir einstakar listgreinar.<sup>180</sup> Það voru ekki einungis starfslaunin sjálf sem skiptu máli heldur myndi löggjöf með þessu móti gefa til kynna að vinna listamanna væri metin að verðleikum.<sup>181</sup>

Svavar Gestsson menntamálaráðherra skipaði árið 1989 nefnd til að undirbúa frumvarp um nýtt fyrirkomulag.<sup>182</sup> Í nefndinni var einkum litið til laga um listamannalaun í Finnlandi og Noregi. Þau fyrrnefndu voru lögð til grundvallar. Ein helsta ástæða þess að kerfið byggðist á norrænum grunni var öflugt samstarf Norðurlandanna í menningarmálum á þessum tíma. Umræður innan Bandalags íslenskra listamanna beindust mikið að Norðurlöndunum. Íslensk listafélög voru mörg í bandalagi við sams konar félög á hinum Norðurlöndunum og því var sóst eftir að samræma lög og reglur Íslendinga þeim sem þar voru við lýði.<sup>183</sup> Svavar Gestsson segist þó ekki hafa litið á nýskipunina sem aðlögun að menningarstefnu hinna Norðurlandanna, heldur sem lið í þeirri stefnu að færa vald frá ráðamönnum til að koma í veg

---

<sup>177</sup> Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitik*, bls. 20-21.

<sup>178</sup> „Listamannalaunin“, bls. 75.

<sup>179</sup> Hugmyndin ber merki þýska heimspekingsins Johanns Gottfried Herder og kenningar hans um þjóðareðli, *Volkgeist*, þar sem tungumálið er undirstaða þjóðernishugtaksins. (Peter Duelund, „Cultural Policy: An overview“, bls. 20 og „The Nordic Cultural Model“, bls. 488). Undir merkjum hennar verður vegur þjóðarinnar meiri því meira afli sem hún eyðir í list orðsins, í praktík, því meira fé sem hún veitir bestu rithöfundum sínum. Þetta var afar hefðbundin afstaða til hlutverks listanna og reyndar sú sem hafði gengið sem rauður þráður gegnum sjálfstæðisbaráttuna. Þá var talið að tungumálið og bókmenntirnar væru grunnstoðir þjóðarsérstöðu Íslendinga og undirstaða réttar hennar til pólitísku sjálfstæðis. Íslenskt þjóðarstolt byggðist að miklu leyti á fornbókmenntunum og því þótti eðlilegt að álykta að framtíð listalífs þjóðarinnar, sem ákveðinnar heildar með ákveðið eðli, lægi í bókmenntunum (Guðmundur Hálfánarson og Ólafur Rastrick, „Culture and the Construction“, bls. 102-103).

<sup>180</sup> *Viðtal*. Höfundur við Svein Einarsson. *Alþingistiðindi* 1989-90 B2, d. 1711.

<sup>181</sup> *Viðtal*. Höfundur við Guðnýju Magnúsdóttur.

<sup>182</sup> Við vinnslu ritgerðarinnar var leitað eftir gögnum nefndarinnar bæði í Menntamálaráðuneyti og á Þjóðskjalasafni án árangurs.

<sup>183</sup> *Viðtal*. Höfundur við Guðnýju Magnúsdóttur.

fyrir að ákvarðanataka yrði pólitísk. Ákvarðanir skyldu teknar á faglegum forsendum.<sup>184</sup> Það eru önnur þáttaskil sem nýja skipanin markaði, seilingarfjarlægðarlögmálið var í fyrsta skipti innleitt í úthlutun launanna. Auk Launsjóðs rithöfunda voru stofnaðir þrír aðrir sjóðir: Launasjóður myndlistamanna, Tónskáldasjóður og Listasjóður. Úr Listasjóði skyldi veita styrki til verkefna fyrir allar listgreinar. Menntamálaráðherra skipaði stjórn listamannalauna samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, Háskóla Íslands, Listaháskóla og tilnefndi einn nefndarmann sjálfur. Stjórnin sá um úthlutun úr Listasjóði. Samkvæmt reglugerð skipaði ráðherra þar að auki árlega þriggja manna nefndir til úthlutunar hinna sjóðanna.<sup>185</sup> Listamenn tilnefndu aðila sem skyldu sjá um úthlutunina í sinni grein.<sup>186</sup> Úthlutunin byggðist samkvæmt hinum nýju lögum á starfsstyrkjum, en ekki hinum gamalkunnu listamannalaunum. Hægt var að veita þá til hálfes árs, eins árs, í þrjú ár og allt upp í fimm. Starfslaun höfðu áður ekki verið í boði lengur en til eins árs.

Þannig kváðu lögin á um meira jafnræði meðal ólíkra listgreina og juku möguleika listamanna á að vinna óréttir að verkum sínum til lengri tíma. Lögin takmörkuðu á sinn hátt áhrif hinnar þjóðernislegu menningarskilgreiningar. Með Listasjóði fengu aðrar listgreinar en þær hefðbundnu aukið vægi fyrir augum ríkisins. Líta má á þessar breytingar á tilhögun listamannalauna sem víska viðurkenningu ríkisvaldsins á gildi starfs hinna ólíku hópa listamanna fyrir samfélagið. Áður hafði verið litið á listamannalaunin sem „verðlaunaveitingu til íslenskra listamanna.“<sup>187</sup> Nú var hins vegar lögð áhersla á að styrkja þá í listrænni sköpun. Auk þess var faglegt form úthlutunarinnar, sem svo oft hafði verið nefnt til sögu um miðbik aldarinnar, loks komið í gagnið. Listamannasamtök 6. og 7. áratugarins höfðu hvorki verið fær um gott samstarf né talið listkunnáttu landsmanna næga til að koma á kerfi í líkingu við norræna módelið. Nú heyrðust hins vegar fáar mótmælaraddir og innsend erindi um frumvarpið benda til nokkuð almennrar sáttar um það.<sup>188</sup> Frá því fyrstu listamannalaunin voru veitt Matthíasi Jochumssyni og Torfhildi Hólmi árið 1891 hafði Alþingi, með fáum undantekningum, haft úthlutun listamannalauna á sinni könnu. Þannig var það á 100 ára afmæli fyrstu skáldalaunanna að ákvörðunarvald um listamannalaunin komst endanlega upp

<sup>184</sup> *Í vörslu höfundar*. Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni til höfundar.

<sup>185</sup> *Stjórnartíðindi* 1992 B1, bls. 120-121.

<sup>186</sup> Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, bls. 127. Það er þó ekkert ákvæði sem mælir fyrir um þetta í reglugerðinni frá 1992.

<sup>187</sup> *Alþingistíðindi* 1965 A2, bls. 1521.

<sup>188</sup> Sjá í heimildaskrá flokkinn: *Í Skjalasafni Alþingis*. Ekki voru þó allir á eitt sáttir, t.d. lýsti leiklistarfólk yfir óánægju með að ekki skyldi stofnaður sérstakur sjóður tileinkaður leiklistinni (Innsend erindi nr. 323, 387, og 389).



úr þingjörinni nefnd og í það horf sem hafði tíðkast á öðrum Norðurlöndum síðan á 7. áratugnum.

## Niðurstöður

Um árabíl voru miklar umræður um úthlutunarreglur listamannalauna. Listamenn og aðrir áhugamenn um menningarmál kvörtuðu ævinlega undan sömu atriðunum en af ýmsum sökum gengu breytingar á úthlutunarkerfinu hægt. Þegar fyrstu tillögurnar um lagasetningu voru settar fram árið 1948 hafði úthlutun launanna um árabíl verið nátengd pólitíkinni, sérstaklega við breytingarnar árið 1940, og enn eymdi eftir af þeim ágreiningi í upphafi 6. áratugarins. Afstaða Magnúsar Kjartanssonar var flokkspólitísk. Á þingi talaði enginn beinlínis gegn því að bæta ætti fyrirkomulag úthlutunarinnar. Aftur á móti sat málið á hakanum vegna ósamstöðu listamannasamtakanna og áhugaleysis þingmanna. Áherslur í menningarmálum lágu annars staðar, á opinberum menningarstofnunum. Efnahagurinn setti strik í reikninginn á árunum kringum 1950 og ekki var samstaða meðal rithöfundasamtakanna um frumvarp Helga Hjörvars, en klofningurinn milli þeirra var einnig pólitískur. Almennt höfðu menn litla trú á að þingið vildi auka fjárveitingu sína til listamannalauna. Það var þó aðalkrafa listamanna, frekar en að formi úthlutunar yrði breytt. Þegar framlög til listamannalauna voru hækkuð verulega á fyrri hluta 7. áratugarins voru lög um listamannalaun lítið í deiglu. Nokkuð almenn sátt var síðan um það frumvarp sem komst í gegnum þingið 1967, þótt lítið væri þar hróflað við formi úthlutunarinnar. Ísland var hér komið aftur úr þróun annarra Norðurlanda sem endurhugsuðu á þessum árum afskipti sína af listalífínu. Seilingarfjarlægðarlögmálið var innleitt og listamenn fengu veigamikinn þátt í kerfinu.

Það hafði reynst illa að veita listamönnum völd yfir úthlutuninni árin 1943-1946 og svo virðist sem þingmenn hafi verið minnugir þessa. Einnig virðist sem listamenn hafi upp til hópa ekki viljað taka úthlutunina að sér, einkum rithöfundafélögin, en erfitt var að fá fólk til þeirra starfa. Lítil ánægja ríkti með „hæstarétt íslenzkra listmála“ en listamenn áttu í erfiðleikum með að benda á aðila sem gæti tekið úthlutunina að sér. Þar að auki unnu samtök listamanna ekki í sameiningu að markmiðum sínum. Þær deilur sem frumvörpin vöktu iðulega meðal listamanna hafa ekki ýtt undir að breytingar yrðu gerðar. Pólitískur klofningur meðal rithöfunda átti sennilega sinn þátt í að gera út um tillögur þingmanna bæði af vinstri og hægri vængnum til umbóta. Samstarf samtaka listamanna batnaði nokkuð á síðari hluta 6. áratugarins og fram á þann sjöunda og það á líklega þátt í því að aftur var farið að hreyfa við málinu á Alþingi árið 1966. Þá voru lagðar fram á Alþingi tillögur sem voru í svipuðum anda og hin nýju norrænu úthlutunarkerfi en þær fengu litla athygli.

Jón Leifs hafði stungið upp á sérúthlutun fyrir ólíkar listgreinar í Listalaunanevnd árið 1956 en þá þótti ekki nægileg listþekking hér á landi til þess að úr því mætti verða. Þessi sjónarmið, auk áðurgreindra vandamála með þátttöku listamannasamtaka í úthlutun launanna og afstöðu alþingismanna, skýra að líkindum að hluta til hvers vegna ekki var komið á úthlutunarkerfi í ætt við kerfi hinna Norðurlandanna á 7. áratugnum. Starfsstyrkir til eins árs komust þó í gagnið 1969 og að því leyti hafði menningarstefna á Norðurlöndunum áhrif á Íslandi strax á 7. áratugnum. Seilingarfjarlægðarlögmálið var svo innleitt með lögum um Launasjóð rithöfunda árið 1975. Þessi tvö kerfi urðu þó ekki reglan fyrir allar listgreinar, eins og tíðkaðist á Norðurlöndunum, fyrr en við löggjöfina frá 1991. Stærri menningargeiri, með aukna þekkingu og menntun, og ríkari þjóð á 10. áratugnum var betur í stakk búin fyrir úthlutunarkerfi af þessu tagi. Því var notkun arkitektamódelisins við úthlutunina og beiting seilingarfjarlægðarlögmálsins ekki bara spurning um menningarviðhorf stjórnvalda heldur líka komin undir öflugum menningarlífi í landinu.

Íslensk menningarpólitík mótaðist af þjóðernishyggju og úthlutun listamannalauna bar þess merki. Þannig var í frumvörpum oft talað um laun til „rithöfunda, skálda og annarra listamanna“.<sup>189</sup> Tungumálið og bókmenntirnar voru réttlæting þjóðernisins og stjórnvöld lögðu því með vissu móti línurnar með áherslu sinni á ritverk. T.d. er næsta víst að fyrirhugað listaráð heiðursverðlaunahafa, sem átti samkvæmt tillögum að veita ráðgjöf um úthlutun launanna, hefði einkum haft rithöfunda innanborðs. Sú aðferð að skipta úthlutun listamannalauna niður í ótal launaflokka fyrir hverja grein er svo til marks um ákveðin fagurfræðileg viðmið úthlutunarnefnda. Það mætti segja að með lágum framlögum sínum til listamannalauna hafi ríkisvaldið ekki viðurkennt listamenn og þeirra störf sem verulegt framlag til samfélagsins. Launaflokkunum var fækkað niður í tvo 1967, breyting sem kom í veg fyrir menningarlega „einkunnagjöf“ stjórnvalda. En aðrar listgreinar en bókmenntir, myndlist og tónlist fengu ekki veigamikinn þátt í úthlutunarkerfinu fyrr en 1991 með stofnun Listasjóðs. Þá má einnig segja að ríkisvaldið hafi fyrst viðurkennt starf listamanna sem mikilvægan þátt í samfélaginu, þegar starfslaunakerfið var eflt til muna.

Hægt er að líta á úthlutun listamannalauna og þær fjárhæðir sem lagðar voru til hennar sem vissan vitnisburð um einhverja óorðaða menningarstefnu stjórnvalda. Það mætti segja að menningarstefnan hafi þróast frá því að vera innblásin af þjóðernishyggju, með áherslu á íslenska tungu og bókmenntir, og nokkuð íhaldssöm, bæði með tilliti til úthlutunar

---

<sup>189</sup> *Alþingistíðindi* 1950 A1, bls. 233.

heiðurslauna svo og ótal margra launaflokka, yfir í eitthvað í líkingu við það hugarfar til lista sem einkennir norrænu menningarstefnuna. Að listirnar eigi að fá að starfa í sem mestri fjarlægð, í það minnsta seilingarfjarlægð, frá stjórnvöldum og að þær gegni hlutverki í samfélaginu sem vert sé að veita listamönnum starfslaun til að sinna.

# Heimildaskrá

## Óprentaðar heimildir

*Á Þjóðskjalasafni Íslands:*

ÞÍ. Menntamálaráðuneytið 1989 B/619.

ÞÍ. Menntamálaráðuneytið 1989 B/620.

ÞÍ. Menntamálaráðuneytið 1997 DE/25/1. Greinargerð eftir Dr. Magna Guðmundsson, *Opinber stuðningur við listir og þjóðmenningu* (Reykjavík 1981-82).

ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1997 B/11.

## Viðtöl

Höfundur við Guðnýju M. Magnúsdóttur, 14. ágúst 2013.

Höfundur við Svein Einarsson, 12. ágúst 2013.

## Í vörslu höfundar

Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni til höfundar, 20. júlí 2013.

## Í Skjalasafni Alþingis:

Innsend erindi um frumvarp laga nr. 35/1991, 113. löggjafarþingi 1990-1991. 139. mál. Afrit af erindunum send í tölvupósti til höfundar, 13. ágúst 2013. Erindi númer: 167, 178, 306, 309, 323, 384, 385, 386, 387, 389, 505, 518, 620, 858, 924, 925.

## Prentaðar heimildir

*Alþingistíðindi* (Reykjavík 1928, 1948-1951, 1955, 1957, 1958, 1960, 1965, 1966, 1986-87, 1988-1991).

Ágúst Einarsson, *Menningarhagfræði* (Bifröst 2012).

Árni Bergmann, „„Ofbeldi kommúnista við borgaralega rithöfunda“. Athugasemdir um sambúð bókmennta og stjórn mála“, *Tímarit Máls og menningar* LXI (2000) tbl. 3, bls. 62-82.

Bjarki Valtýsson, *Íslensk menningarpólitík* (Reykjavík 2011).

Dahl, Hans Fredrik og Helseth, Tore, *To knurrende løver. Kulturpolitikens historie 1814-2014* (Oslo 2006).

Duelund, Peter, „Cultural Policy: An overview“, *The Nordic Cultural Model*. Ritstjóri Peter Duelund (Kaupmannahöfn 2003), bls. 13-30.

Duelund, Peter, „Cultural Policy in Denmark“, *The Nordic Cultural Model*. Ritstjóri Peter Duelund (Kaupmannahöfn 2003), bls. 31-77.

Duelund, Peter, „The Nordic Cultural Model. Summary“, *The Nordic Cultural Model*. Ritstjóri Peter Duelund (Kaupmannahöfn 2003), bls. 479-529.

E.B., „Hver styrkir hvern?“, *Birtingur II* (1954) tbl. 3, bls. 56-58.

*Félagaskrá Bandalags íslenskra listamanna og lög einstakra aðildarféлага* (Reykjavík 1983).

Gestur Guðmundsson, „Cultural Policy in Iceland“, *The Nordic Cultural Model*. Ritstjóri Peter Duelund (Kaupmannahöfn 2003), bls. 113-145.

Gils Guðmundsson, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari CX* (1985), bls. 78-96.

Gils Guðmundsson, „Listamannalaun og listasjóður“, *Eimreiðin LXXII* (1966) tbl. 1, bls. 39-46.

Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin LXIII* (1957) tbl. 1, bls. 1-7.

Guðmundur G. Hagalín, „Við þjóðveginn“, *Eimreiðin LXIII* (1957) tbl. 4, bls. 244-250.

Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk* (Reykjavík 2001).

Guðmundur Hálfðánarson og Ólafur Rastrick, „Culture and the Construction of the Icelander in the 20th Century“, *Power and Culture. Hegemony, Interaction and Dissent*. Ritstjórar Ausma Cimdiņa og Jonathan Osmond (Pisa 2006), bls. 101-117.

Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin* (Reykjavík 1993).

Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914-1960“, *Frá kreppu til viðreisnar. Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930-1960*. Ritstjóri Jónas H. Haralz (Reykjavík 2002), bls. 9-39.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Kiljan 1932-1948. Ævisaga Halldórs Kiljan Laxness* (Reykjavík 2004).

Hannes Sigfússon, „Laun listamanna“, *Birtingur II* (1956) tbl. 2, bls. 1-6.

Heikkinen, Merja, *The Nordic Model for Supporting Artists. Public Support for Artists in Denmark, Finland, Norway and Sweden*. Research reports of the Arts Council of Finland no. 26 (Helsinki 2003).

Heikkinen, Merja, „The Nordic Model of Promoting Artistic Creativity“, *The Nordic Cultural Model*. Ritstjóri Peter Duelund (Kaupmannahöfn 2003), bls. 277-303.

Helgi Sæmundsson, „Barnasjúkdómar tækninnar“, *Eimreiðin LXVI* (1960) tbl.1, bls. 75-80.

Helgi Sæmundsson, „Of litlu skipt í of marga staði“, *Vikan XXIII* (1961) tbl. 30, bls. 4-5.

Ingólfur Kristjánsson, „Alþingi og listamannalaunin“, *Eimreiðin* LXVIII (1962) 3. tbl., bls. 269-274.

Ingólfur Kristjánsson, „Hringsjá“, *Eimreiðin* LXVIII (1962) tbl. 2, 97-111.

J. ú. V., „Talað við úthlutunarnefnd“, *Útvarpstíðindi: nýr flokkur I* (1952) tbl. 2, bls. 5-10.

Jón Yngvi Jóhannesson, *Landnám. Ævisaga Gunnars Gunnarssonar* (Reykjavík 2011).

„Listamannalaunin“, *Birtingur* II (1954) tbl. 4, bls. 75-77.

Magnús Kjartansson, *Elds er þörf. Ræður og greinar frá 1947 til 1979* (Reykjavík 1979).

*Menningarstefna* (Reykjavík 2013).

Ólafur Rastrick, *Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910-1930* (Reykjavík 2011).

Sigurður E. Guðmundsson, „Gylfi Þ. Gíslason“, *Andvari* CXXXIV (2009), bls. 13-79.

Sigurður Nordal, *List og lífsskoðun III. Áfangar* (Reykjavík 1987).

Sigurður Stefánsson, *Jón Þorláksson. Þjóðskáld Íslendinga. Æfisaga* (Reykjavík 1963).

Sigurjón Jónsson, „Listamannalaunin“, *Eimreiðin* LXII (1956) tbl. 3, bls. 173-182.

*Stjórnartíðindi* (Reykjavík 1969, 1992).

*The Value of Culture. On the Relationship between Economics and Arts.* Ritstjóri Arjo Klamer (Amsterdam 1996).

## **Dagblöð**

*Alþýðublaðið* (Reykjavík 1955, 1957, 1964, 1967).

*Lesbók Morgunblaðsins* (Reykjavík 1964, 1968).

*Morgunblaðið* (Reykjavík 1936, 1937, 1963, 1966).

*Sunnudagur, fylgirit Þjóðviljans* (Reykjavík 1965).

*Tíminn* (Reykjavík 1955, 1961).

*Vísir* (Reykjavík 1947).

*Þjóðviljinn* (Reykjavík 1939, 1947, 1960, 1967).